FRÉTTABLAÐIÐ

192. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 4. SEPTEMBER 2020

Félag kvenna í atvinnulífinu hélt viðburð í gær þar sem fjöldi kvenna gekk saman í Búrfellsgjá í Garðabæ. Um var að ræða táknræna athöfn í upphafi nýs starfsárs félagsins. Í ljósi samkomutakmarkana var ákveðið að athöfnin færi fram undir beru lofti. Eliza Reid forsetafrú var meðal þeirra sem þátt tóku ásamt um hundrað öðrum félagskonum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sáttatónar heyrast frá Húsafelli

Páll Guðmundsson á Húsafelli og nágranni hans Sæmundur Ásgeirsson hafa slíðrað sverðin í átökunum um legsteinasafn Páls og reyna að ná saman um sameiginlega hagsmuni fyrir atbeina Borgarbyggðar.

DÓMSMÁL „Staða málsins er nú þannig að málsaðilar hafa náð samkomulagi um að kanna hvort unnt sé að ná saman um sameiginlega hagsmuni á svæðinu. Samkomulagið gerir ráð fyrir að tíminn fram til 28. október verði nýttur til þess," segir Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri Borgarbyggðar.

Þórdís vitnar í svari til Fréttablaðsins til yfirlýsingar sveitarstjórnarinnar frá því í byrjun ágúst eftir að Héraðsdómur Vesturlands dæmdi 14. júlí síðastliðinn að byggingarleyfi sem Borgarbyggð gaf út vegna legsteinahússins væri ógilt og að húsið skyldi fjarlægt fyrir 14. september. Í yfirlýsingunni segir að hagsmunir allra málsaðila séu að landnotkun afmarkaðs svæðis á Húsafelli verði breytt. Í nýju skipulagi verði gert ráð fyrir fjölbreyttri verslun og þjónustu auk frístundabyggðar. Samráð sé um þetta við báða aðila legsteinahússmálsins og aðra landeigendur á svæðinu.

„Það er öllum til hagsbóta að vinna að sameiginlegri uppbyggingu á þessu fallega og menningarríka svæði hér í Borgarbyggð," segir í yfirlýsingu sveitarstjórnarinnar.

Páll Guðmundsson á Húsafelli II sem byggði legsteinasafnið þrátt fyrir mikla andstöðu nágranna síns, Sæmundar Ásgeirssonar sem rekur gistihús á staðnum, óskaði í kjölfar fyrrgreinds dóms eftir því að fá leyfi til að rífa bygginguna. Í bréfi sínu vegna niðurrifsins undraðist Páll að sveitarstjórnin hefði ekki gefið út byggingarleyfi fyrir legsteinahúsinu í þriðja sinn eins og hann hefði óskað eftir áður en fyrrgreindur dómur féll. Enn hefði hann ekkert heyrt frá sveitarfélaginu.

> **Samkomulagið gerir ráð fyrir að tíminn fram til 28. október verði nýttur.**

Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri Borgarbyggðar

„Yrði umsóknin samþykkt fengi mannvirkið lagalega stöðu og komist yrði hjá því að fjarlægja það," skrifaði Páll og minnir á að hann væri ekki í þessari stöðu ef stjórnsýsluleg meðferð Borgarbyggðar hefði staðist formkröfur. Honum sé nauðugur einn kostur að sækja um leyfi til að rífa húsið. „Að verki loknu mun undirritaður óska eftir skriflegri staðfestingu byggingarfulltrúa á því að mannvirkið hafi verið fjarlægt og dómurinn því fullnustaður."

Í ljósi fyrrgreindra sáttaumleitana verður legsteinasafnið þó ekki rifið fyrir 14. september heldur fær það að standa að minnsta kosti til 28. október – og jafnvel lengur ef sátt næst. – **gar**

Undir Japan og Síle í félagsfærni

VELFERÐARMÁL Íslensk börn eiga erfitt með að eignast vini og skora lægst Evrópuþjóða þegar kemur að félagsfærni. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Unicef. Aðeins í Japan og Síle segjast börn eiga erfiðara með að eignast vini.

> **Ísland skorar lægst allra Evrópuþjóða í félagsfærni barna.**

Ingibjörg Karlsdóttir félagsráðgjafi segir ástæðurnar samanstanda af mörgum samverkandi þáttum. „Við finnum mjög fyrir því á BUGL að börn eru að ánetjast gsm-símanum og tölvunni. Það getur þróast þannig að tölvan verður þeirra besti vinur, þá eru þau síður að hitta börn í raunheimum á meðan. Þá er hætt við að þau missi niður hæfnina til félagslegra samskipta." – **ab** / **sjá síðu 4**

L200 INTENSE
FJÓRHJÓLADRIFINN
HARÐJAXL

33" breyttur
- Sítengt fjórhjóladrif
- Hátt & lágt drif
- Sjálfskiptur
- Breytingapakki
- Dráttarbeisli
- Heithúðun á palli

Tilboðsverð 7.690.000 kr.
35" uppfærsla 1.300.000 kr.

HEKLA · Laugavegur 170 · Sími 590 5000 · hekla.is/mitsubishisalur

MITSUBISHI MOTORS
Drive your Ambition

Veður



Lægir vestast á landinu síðdegis og dregur úr vindi og úrkomu annars staðar í kvöld.
SJÁ SÍÐU 18

Núverandi takmarkanir renna út eftir tæpa viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Breyttar reglur

COVID-19 Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir hefur skilað inn tillögum um breytingar á sóttvarnareglum til heilbrigðisráðherra en takmarkanirnar sem nú eru í gildi renna út 10. september. Breytingarnar sem Þórólfur lagði til snúast helst um fjöldatakmarkanir og nálægð milli einstaklinga.

„Varðandi fjöldatakmarkanir þá legg ég til að það verði farið úr hundrað upp í tvö hundruð. Ég legg líka til að við breytum nálægðarreglunni úr tveimur metrum í einn metra fyrir alla," sagði Þórólfur á upplýsingafundi almannavarna í gær.

» Leggur til að nálægðarreglan verði einn metri fyrir alla í stað tveggja.

Að sögn Þórólfs hefur hann lagt til að breytingarnar taki gildi fyrir 7. september næstkomandi.

Þórólfur sagði enn fremur að það væri verið að endurskoða aðgerðir á landamærunum en þær reglur sem nú eru í gildi, um fjórtán daga sóttkví eða tvöfalda skimun, gilda til 15. september. Þórólfur greindi frá því að hann kæmi til með að senda tillögur um breytingar á landamærum í næstu viku.

Í gær voru 96 einstaklingar með virkt COVID-19 smit hér á landi og 612 voru í sóttkví. Enginn lá á sjúkrahúsi. Sólarhringinn á undan greindust fjögur ný tilfelli innanlandssmits. Tveir þeirra sem greindust voru í sóttkví. Þá greindust þrjú tilfelli smits við skimun á landamærum. **– fbl / bdj**

Mulið mélinu smærra

Stórvirkar vinnuvélar hafa undanfarið hamast á horni Suðurlandsbrautar og Grensásvegar þar sem áður stóð hús, en er nú rústir einar. Verið er að rýma fyrir byggingu sem til stendur að reisa á þessu áberandi og fjölfarna horni í Reykjavík. Síðast hafði Kvikmyndaskóli Íslands aðsetur í húsinu. Upphaflega var húsið reist undir starfsemi Hitaveitu Reykjavíkur en síðar var verkfræðistofa með starfsemi þar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Sex með stöðu sakbornings

SAMHERJAMÁL Sex núverandi og fyrrverandi starfsmenn Samherja eru með réttarstöðu sakbornings í rannsókn Héraðssaksóknara á starfsemi Samherja í Namibíu.

Greint var frá því í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins að sakborningarnir séu Þorsteinn Már Baldvinsson forstjóri, Ingvar Júlíusson, fjármálastjóri á Kýpur, Arna Bryndís Baldvins McClure, lögfræðingur Samherja, Egill Helgi Árnason, framkvæmdastjóri í Namibíu, Aðalsteinn Helgason, fyrrverandi framkvæmdastjóri í Namibíu, og Jóhannes Stefánsson, uppljóstrari og fyrrverandi framkvæmdastjóri í Namibíu.

Í fréttinni kom fram að rannsókn Héraðssaksóknara snúi að meintum mútugreiðslum, peningaþvætti og fleiru.

Þá kom einnig fram að sexmenninganir hefðu allir verið yfirheyrðir hjá Héraðssaksóknara vegna málsins í sumar. **– ab**

Fiðraður frekur faðir lifir á Borgarpylsum

Hrafn sem kallaður er Pabbinn hefur í fjögur ár heimsótt pylsuvagn í Skeifunni daglega og fengið ylvolga pylsu að launum. Um tíma fór sá fiðraði yfir strikið í frekju en heldur sig núna á mottunni og gleður viðskiptavini.

SAMFÉLAG Síðustu fjögur ár hefur hrafn einn gert sig heimakominn við pylsuvagninn Borgarpylsur í Skeifunni. Hrafninn, sem gengur undir nafninu Pabbinn, kemur daglega til þess að sníkja ylvolga pylsu og á það til að mæta með maka sínum og ungum til þess að gæða sér á góðgætinu.

„Þetta byrjaði fyrir tilviljun. Þetta par hefur undanfarin ár verið með laup ofan á Flügger-húsinu á móti okkur. Hann byrjaði svo að fá hjá okkur pylsubita og flaug með hann til frúarinnar. Við höfum ekki gefið honum neitt nafn heldur tölum við bara um hann sem Pabbann," segir Guðrún Margrét Kjartansdóttir.

Foreldrar hennar, þau Hulda Ósk Ólafsdóttir og Kristinn Ragnarsson, tóku við rekstri vagnsins fyrir um fimmtán árum og síðan þá hafa þau, ásamt dætrum sínum Guðrúnu Margréti og Berglindi Ósk, staðið vaktina við að seðja svengd fólks og síðustu ár fiðurfjár að auki.

„Pabbinn er mættur um leið og vagninn opnar og bankar yfirleitt á gluggann til þess að láta vita af sér," segir Guðrún Margrét. Um tíma var Pabbinn orðinn heldur aðgangsharður en með því að skammta honum bitana hefur komist ágætt jafnvægi á vinasambandið. „Þetta eru ofboðslega klárir og skemmtilegir fuglar. Hann skynjaði held ég að hann væri að ganga of langt og núna heldur hann sig á mottunni," segir Guðrún Margrét og hlær.

Eins og gefur að skilja hafa ófáar kynslóðir hrafna alist upp í laupnum og þegar ungarnir eru orðnir fleygir þá vilja þeir að sjálfsögðu fá að borða pylsurnar á staðnum frekar en að þurfa að treysta á heimsendingarþjónustu föðursins. „Þá fer frúin líka að venja komur sínar hingað og því getur orðið talsvert fjör hér. En þetta tímabil varir stutt og Pabbinn rekur ungana yfirleitt í burtu. Hann er frekur og vill að þau hjónin sitji ein að pylsunum."

Hrafn mætir alla morgna og goggar í gluggann. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Hann skynjaði held ég að hann væri að ganga of langt og núna heldur hann sig á mottunni.**
>
> Guðrún Margrét Kjartansdóttir

Blikur eru þó á lofti því að í haust hefur ekkert sést til frúarinnar. „Við erum svolítið hrædd um að eitthvað hafi komið fyrir hana. Pabbinn kemur hingað með unga sem þau eignuðust fyrr á árinu og honum liggur ekkert á að reka hann í burtu. En við höfum ekkert séð til hennar."

Guðrún Margrét segir að meirihluti viðskiptavina sé hæstánægður með heimsóknir hrafnanna. „Það er búið að taka ófáar myndirnar af þeim við vagninn. Pabbinn er svo gæfur að hann borðar úr hendinni á föður mínum og það þykir fólki mjög skemmtilegt." Aðrir viðskiptavinir eru hins vegar kannski ekki alveg eins hrifnir, eins og gengur. „En sem betur fer hefur það sjaldan gerst að hrafnarnir séu eitthvað sérstaklega aðgangsharðir við viðskiptavini. Það gerðist þó einu sinni að það var goggað í bílþakið hjá viðskiptavini," segir Guðrún Margrét.

bjornth@frettabladid.is

BÆKUR FYRIR UNGA & ELDRI

Bekkurinn minn: Prumpusamloka
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.499.-

Bekkurinn minn: Geggjað ósanngjarnt!
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.499.-

SEPT. Penninn Eymundsson
BARNABÓK MÁNAÐARINS

Líkkistusmiðirnir
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð: 3.999.-



Stormboði
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð: 3.999.-

SEPT. Penninn Eymundsson
BÓK MÁNAÐARINS

Framúrskarandi fyrirtæki 2019

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 30. september eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Stefnt að því að slíta síðsumarsþingi í kvöld

ALÞINGI Atkvæði voru greidd á Alþingi um breytta fjármálastefnu í gærkvöldi og lauk afgreiðslu á frumvarpi Ásmundar Einars Daðasonar, félags- og barnamálaráðherra, um hlutdeildarlán og framlengingu á tekjutengdum atvinnuleysisbótum. Verður hlutabótaleiðin framlengd til áramóta og tímabil tekjutengdra atvinnuleysisbóta lengt úr þremur mánuðum í sex.

Í dag er stefnt að því að ljúka afgreiðslu mála sem tengjast ríkisábyrgðum vegna Icelandair.

Þar á meðal er frumvarp efnahags- og viðskiptanefndar sem lagt var fram síðdegis í gær, um heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í afleiðum sem fela aðeins í sér rétt, en ekki skyldu, til að kaupa eign eða til áskriftar að henni þótt þær dragi ekki úr áhættu sjóðanna. Samkvæmt frumvarpinu er mikilvægt að gera þá lagabreytingu áður en hlutafjárútboð Icelandair fer fram. Nokkur óánægja er meðal sumra af þingmönnum stjórnarandstöðunnar vegna framgöngu fyrirtækisins við gerð kjarasamninga við Flugfreyjufélag Íslands. Allir eru þó meðvitaðir um stöðu Icelandair þegar kemur að millilandasamgöngum.

Stefnt er að því að síðsumarsþingi verði slitið í kvöld. Haustþing verður sett 1. október. **– aá, ab**

Á bolnum er ljósmynd eftir Önnu Maggý og ljóð eftir GDRN.

Selja boli til að styrkja stúlkur

SAMFÉLAG Í gær hófst átaksverkefni UN Women, Fokk ofbeldi, með sölu á FO-bolum. Allur ágóði verkefnisins í ár rennur til upprætingar á ofbeldi gegn konum og stúlkum í Líbanon þar sem ríkir mikil neyð vegna sprengingar sem nýlega varð í höfuðborg landsins, kórónaveirufaraldursins og djúprar efnahagskreppu.

Á síðastliðnum þremur árum hefur Fokk ofbeldi-verkefnið aflað 47 milljóna króna sem renna beint í að uppræta ofbeldi gegn konum og stúlkum í fátækari ríkjum heims. „Konur og stúlkur í neyð eru sérstaklega berskjaldaðar fyrir kynbundnu ofbeldi," segir í tilkynningu frá UN Women.

„Með því að kaupa FO-bolinn tekur þú þátt í að veita konum og stúlkum í Líbanon neyðaraðstoð, vernd, öryggi og kraft til framtíðar." **– bdj**

Á fimmta tug í skoðun á ný

HEILBRIGÐISMÁL Krabbameinsfélagið endurskoðar öll sýni sem rannsökuð voru á árunum 2017 til 2019. Skjólstæðingur Krabbameinsfélagsins var greindur með ólæknandi leghálskrabbamein þrátt fyrir að hafa fengið neikvæða niðurstöðu í leghálsskimun árið 2018. Fram kom í fjölmiðlum í gærkvöld að sjö áþekkar fyrirspurnir hefðu borist lögmanni konunnar.

Upp komst um málið innan félagsins í júní, hafa nú 1.800 sýni verið endurskoðuð af sex þúsund. Grunur leikur á að fleiri mistök af sama meiði hafi verið gerð og hafa á fimmta tug kvenna verið boðaðar í frekari skoðun. **– ab**

Staða barna undir meðallagi

Íslensk börn eiga erfitt með að eignast vini og skora lægst Evrópuþjóða þegar kemur að félagsfærni. Þá er sjálfsvígshlutfall unglinga hér með því hæsta á Vesturlöndum. Félagsráðgjafi segir þetta alvarlega stöðu.

VELFERÐARMÁL Ísland skorar lægst Evrópuþjóða í félagsfærni barna. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá Unicef. Fram kemur í skýrslunni að íslensk börn séu vel undir meðallagi í hinum vestræna heimi þegar kemur að velferð barna. Er Ísland aðeins í 24. sæti af þeim 38 löndum sem rannsóknin náði til. Einu sæti fyrir neðan Eistland og einu fyrir ofan Rúmeníu.

Þegar litið er til andlegrar heilsu segja flest íslensk börn að þeim líði almennt vel, 81 prósenti af öllum 15 ára börnum. Þrátt fyrir þetta er sjálfsvígshlutfall 15 til 19 ára með því allra hæsta sem gerist, eða tæplega tíu á hver 100 þúsund á ári.

Íslensk börn eru í meðaltali þegar að kemur að offitu barna en ánægja með líkama sinn er meiri hjá íslenskum börnum en nokkurs staðar annars staðar. Heilt á litið eru stúlkur óánægðari með líkama sinn en drengir, en munurinn milli kynjanna er þó minni hér á Íslandi en víðast hvar.

Erfiðleikar í lestri hafa verið mikið til umræðu á undanförnum árum og koma þeir einnig fram í þessari skýrslu. Aðeins 62 prósent af íslenskum börnum hafa viðmiðunarfærni í lestri og stærðfræði við 15 ára aldur.

Félagsfærni er þó enn þá meira vandamál hér á landi og skorar Ísland lægst allra Evrópuþjóða. Aðeins í Japan og Síle segjast börn eiga erfiðara með að eignast vini.

Ingibjörg Karlsdóttir félagsráðgjafi, sem unnið hefur að málefnum barna og unglinga í tæp þrjátíu ár, segir stöðu Íslands ekki koma á óvart. Félagsfærni hafi ekki verið sinnt nógu vel hér á landi.

Ásamt því að starfa á Barna- og unglingageðdeild Landspítala heldur Ingibjörg úti PEERS-námskeiðum í félagsfærni fyrir börn og unglinga ásamt Guðrúnu Jóhönnu Benediktsdóttur iðjuþjálfa. „Það er metaðsókn og við erum með börn á biðlista. Við finnum fyrir því að það er aukinn kvíði og félagsfælni hjá börnum."

Unicef stóð fyrir göngu í fyrra vegna 30 ára afmæli Barnasáttmálans. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Við finnum fyrir því að það er aukinn kvíði og félagsfælni hjá börnum.**

Ingibjörg Karlsdóttir

Ingibjörg segir ástæðurnar samanstanda af mörgum samverkandi þáttum. „Eitt er fjölgun barna með ýmsar greiningar og raskanir sem auka líkurnar á skertri félagsfærni. Á bilinu fimm til tíu prósent barna eru með ADHD-greiningar. Um tvö prósent eru á einhverfurófi, það er hægt að setja beint samasemmerki milli þess og slakrar félagsfærni," segir Ingibjörg. „Svo eru það tæknibreytingar. Við finnum mjög fyrir því á BUGL að börn eru að ánetjast gsm-símanum og tölvunni. Það getur þróast þannig að tölvan verður þeirra besti vinur, þá eru þau síður að hitta börn í raunheimum á meðan. Þá er hætt við að þau missi niður hæfnina til félagslegra samskipta."

Alvarlegar afleiðingar fylgja félagslegri einangrun barna og unglinga. „Það er hætta á að þau þrói með sér alvarlegri geðræn vandamál. Hættan á skólaforðun eykst og brottfalli úr námi. Svo eykst líka hættan á að þau leiðist út í fíkn af ýmsu tagi. Félagslega einangruð börn og unglingar eru líklegri til að verða skotmörk eineltis í skólum og óprúttinna aðila á netinu."

Ingibjörg segir að það sé þó ljós í myrkrinu. „Það er hægt að kenna börnum, unglingum og ungmennum félagsfærni, við gerum það með gagnreyndum PEERS-námskeiðum í félagsfærni þar sem foreldrar taka þátt í námskeiðinu og læra að verða félagsþjálfar barnanna."

kristinnhaukur@frettabladid.is
arib@frettabladid.is

„Ég finn að ég get allt sem mig langar"

Það sem þátttakendur uppskera:

- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og trú á eigin getu
- Hugrekki til að rétta upp hönd og taka þátt í umræðum
- Leiðir til að kynnast nýju fólki, bæta samskipti og styrkja sambönd
- Þor til að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif
- Betra skipulag og skýrari markmið
- Jákvætt viðhorf og kvíða/streitustjórnun

Námskeið hefjast:

10 til 12 ára 26. sept. 10.00-13.00 8 skipti með viku millibili
13 til 15 ára 22. sept. 17.00-20.30 8 skipti með viku millibili
13 til 15 ára 12. okt. 17.00-20.30 8 skipti með viku millibili
16 til 19 ára 23. sept. 18.00-22.00 8 skipti með viku millibili
16 til 19 ára LIVE ONLINE 1. okt kl 18.00-21.00 8 skipti með viku millibili
20 til 25 ára 24. sept. 18.00-22.00 8 skipti með viku millibili
20 til 25 ára LIVE ONLINE 8. okt. Kl 18.00-21.00 2x í viku í 4 vikur
18 til 25 ára 9.-11.okt. HELGARNÁMSKEIÐ kl 8.30-16.30

Dale Carnegie

Skráning á dale.is eða 555 7080
Ókeypis kynningartími dale.is/ungtfolk

SÉRVALIÐ ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT

Sérvalið þurrverkað kjöt
HÆGMEYRNAÐ
Kjötið er látið meyrna við kjöraðstæður í 4-6 vikur
þannig næst einstakt bragð og mýkt í kjötið

15% afsláttur

Nauta ribeye

5.694 kr/kg
Verð áður 6.699 kr/kg

TAKMARKAÐ
MAGN

EINA KJÖTIÐ SINNAR TEGUNDAR Á ÍSLANDI

Venjulega er nautakjöt látið meyrna í 15 daga áður en það er sent í verslanir. Við ákváðum að ganga enn lengra og fengum kjötiðnaðarmeistara til að sérvelja fyrir okkur bita og láta það hægmeyrna. Kjötið var látið hanga á beini í sérhönnuðum kæli í 4 til 6 vikur við 2-4°C. Þessi aðferð gerir það að verkum að það nær einstakri meyrnun og bragðgæðum. Hægmeyrnað er „dry aged“ á frummálinu en ekkert annað kjöt á Íslandi er unnið á þennan hátt í neytendapakkningar. Þetta er eitthvað sem sannir sælkerar og áhugafólk um kjöt má ekki láta framhjá sér fara.

Bernaisesósa, ómissandi með nautinu

479 kr/stk

Tilboð gilda út 6. september

OKKAR BESTA VERÐ

Frystivara

Riverlands nýsjálenskar nautalundir

3.999 kr/kg

15% afsláttur

Smash Style hamborgarar 2 x 140 g

594 kr/pk
Verð áður 699 kr/pk

LAMBAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU KOMIÐ Í VERSLANIR

OKKAR BESTA VERÐ

Lambalæri af nýslátruðu

1.399 kr/kg

TILBOÐ

Rjómaís frá Emmessís 1,3 l

699 kr/stk
Verð áður frá 849 kr/stk

TILBOÐ

Fanta appelsín sykurlaust 330 ml

95 kr/stk
Verð áður 129 kr/stk

25% afsláttur

Þarf aðeins að hita

Drumsticks, Piri piri BBQ, Argentínu, buffaló og BBQ

1.199 kr/kg
Verð áður 1.599 kr/kg

TAX FREE SNYRTIVÖRU DAGAR

Taxfree* af öllum snyrtivörum 1.-7. september

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

HAGKAUP

Mynd af Róberti Spanó og Erdogan Tyrklandsforseta vakti misjöfn viðbrögð á samfélagsmiðlum í gær. MYND/GETTY

Róbert og Erdogan ræddu mannréttindi

Róbert Spanó hefur sætt töluverðri gagnrýni fyrir heimsókn sína til Tyrklands. Hann hitti Erdogan forseta í gær og hélt fyrirlestur um réttarríkið fyrir verðandi dómara í landinu. Íslenskir dómarar eru hugsi yfir heimsókninni.

MANNRÉTTINDI Róbert Spanó, forseti Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE), átti fund með Erdogan Tyrklandsforseta við upphaf opinberrar heimsóknar sinnar til Tyrklands sem stendur nú yfir. Róbert ræddi ástandið í Tyrklandi við forsetann, grundvallarreglur Mannréttindasáttmálans um réttarríkið og lýðræði og mikilvægi þess að staðinn sé vörður um tjáningarfrelsið og sjálfstæði dómsvaldsins, að því er fram kemur í tilkynningu á vef dómsins. Þá lagði hann áherslu á skyldur aðildarríkja Mannréttindasáttmálans til að framfylgja niðurstöðum dóma MDE um brot á ákvæðum sáttmálans.

Heimsókn Róberts hefur vakið hörð viðbrögð bæði meðal stjórnarandstæðinga í Tyrklandi, mannréttindasamtaka og samtaka fræðimanna og dómara víða um heim.

Talið er að um þrjú þúsund dómarar hafi verið frelsissviptir í aðgerðum tyrkneskra yfirvalda eftir valdaránstilraunina 2016. Mörgum þeirra hefur verið haldið án dóms og laga en dómar hafi verið kveðnir upp í tilvikum annarra. Meðal þeirra var Murat Arslan sem starfað hafði með alþjóðasamtökum dómara og var handtekinn skömmu eftir aðalfund samtakanna haustið 2017. Hann hefur nú verið dæmdur í tíu ára fangelsi fyrir óljósar sakir.

Íslenskir dómarar sem Fréttablaðið ræddi við eru málkunnugir Arslan og öðrum fangelsuðum dómurum í Tyrklandi. Þeir segjast verulega hugsi yfir heimsókn Róberts, fundi hans með Erdogan og fyrirlestri sem hann flutti í gær fyrir verðandi dómurum sem taka eiga

> **Að okkar mati er hvorugt að finna í Tyrklandi: hvorki réttarríki né sjálfstæða dómstóla.**
>
> José Igreja Matos, forseti Evrópusambands dómara

við af þeim þúsundum dómara sem reknir hafa verið og fangelsaðir. Samskipti við tyrknesk stjórnvöld séu vandmeðfarin enda megi skilja þau sem viðurkenningu á ríkjandi ástandi.

Tveimur dögum fyrir heimsókn Róberts til Tyrklands sendu fjögur hagsmunasamtök dómara í Evrópu frá sér áskorun til Evrópuráðsins og tyrkneskra stjórnvalda. Skorað er á Evrópuráðið að fylgjast náið með stöðunni í Tyrklandi og þrýsta á þarlend stjórnvöld um að láta strax af tilhæfulausum frelsissviptingum og ákærum gegn dómurum og setja þá sem sætt hafa tilhæfulausum brottrekstri aftur í embætti.

Í áskoruninni eru tekin dæmi af þremur dómurum; Mehmet Tosun, sem haldið var við ómannúðlegar aðstæður án þess að njóta nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu. Hann lést í gæsluvarðhaldinu í mars 2017 aðeins 29 ára gamall; Husamettin Ugur, sem hefur verið haldið í einangrun síðan í júlí 2016 og hefur þolað barsmíðar fangavarða, og dómaranum Sultani Temel sem glímir við alvarlegt þunglyndi í gæsluvarðhaldi sem hún hefur setið í síðan í janúar 2017 að hluta til með fimm ára dóttur sinni.

Ekki liggur fyrir hvort Róbert hefur með beinum hætti gagnrýnt tyrknesk stjórnvöld fyrir aðför að sjálfstæði dómsvaldsins í landinu, í heimsókn sinni.

Í fyrirlestri, sem hann hélt fyrir verðandi dómara í gær og birt er á vef MDE, dvaldi Róbert lengst af við réttarríkið og sjálfstæði dómsvaldsins og mikilvægi þjálfunar dómara án þess þó að beina spjótum sínum með beinum hætti að ástandinu í dómskerfi landsins. Hann vakti þó athygli á því að dóminum hefði borist fjöldi erinda frá tyrkneskum frelsissviptum dómurum og að sérstaklega stífar reglur giltu um heimild fyrir slíkum aðgerðum. Andstætt því sem hinn nýi stjórnlagadómstóll haldi fram sé það hlutverk MDE að meta hvort slíkar aðgerðir séu í samræmi við lög.

„Að okkar mati er hvorugt að finna í Tyrklandi; hvorki réttarríki né sjálfstæða dómstóla," segir José Igreja Matos, forseti Evrópusambands dómara, í samtali við Fréttablaðið. Hann vildi ekki tjá sig beint um þá gagnrýni sem fram hefur komið á Tyrklandsheimsóknina en sagði Róbert hafa komið inn á mikilvæga þætti í ræðu sinni í gær, bæði um frelsissvipta dómara og mikilvægi sjálfstæðis dómsvaldsins. „Bæði ég sjálfur og samtök evrópskra dómara erum sammála Róberti Spanó um að réttarríkið er ekki til án sjálfstæðs dómsvalds og það endurspeglast í gríðarlegum áhyggjum sem við höfum margoft lýst af ástandinu í Tyrklandi."

NÝTT

Sirius Rjómasúkkulaði

MEÐ SALTKRINGLUM OG SJÁVARSALTI

Sætt og salt fyrir sælkera!

cocoa HORIZONS

ÍSLENSKT gjörið svo vel

Löggæsla efld í efri byggðum Kópavogs

KÓPAVOGUR Bæjarráð Kópavogs ræddi hópamyndanir í grunnskólum á kvöldin á fundi sínum í gær.

Í bókun kemur fram að lögreglan hafi gert grein fyrir því að löggæsla hefði verið aukin í efri byggðum Kópavogs. Þá hefur Kópavogsbær aukið gæslu Securitas við skólana utan opnunartíma. Samstarf gæsluaðila við foreldra með foreldrarölti hefur verið eflt til muna og áréttað var að myndavélaeftirlit skilaði árangri auk bættrar lýsingar við skólabyggingar.

Stutt er síðan að greint var frá hópamyndun í Kórahverfinu þar sem unglingar fara á skellinöðrum og öðrum farartækjum á miklum hraða um göngustíga. Væri ástandið orðið mjög slæmt. Börn þorðu ekki lengur út að leika vegna skálmaldarinnar sem ríkir í efri byggðum. **– bb**

Auka forvarnir og stuðning við ungmenni

FÉLAGSMÁL Ríkisstjórnin hefur veitt lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu 15 milljóna króna styrk sem ætlaður er til að sinna auknum forvörnum og stuðningi við ungmenni í viðkvæmri stöðu.

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra

Áhyggjur hafa verið uppi um áhrif heimsfaraldursins á líðan og félagslegar aðstæður ungmenna. Einnig eru áhyggjur af ofbeldisbrotum meðal ungmenna en mörg dæmi eru um að ungmenni dreifi myndböndum af sér og öðrum beita ofbeldi á samfélagsmiðlum.

„Við vitum að þau börn og unglingar sem eru í viðkvæmri stöðu eru líklegri til þess að sæta vanrækslu, félagslegri útilokun, neyta fíkniefna eða verða fyrir ofbeldi vegna þeirra áhrifa sem faraldurinn hefur haft," segir Ásmundur Einar Daðason ráðherra. **– ab**

800 kílógrömm af geislavirkum úrgangi eru innan í flaki K-159 sem liggur á botni Barentshafs. Lítill leki getur valdið ómældum skaða á lífríki. MYND/GETTY

Sækja kafbáta af hafsbotni til að afstýra stóru kjarnorkuslysi

Rússar hyggjast sækja tvær tifandi tímasprengjur sem liggja á botni Norður-Íshafsins, kjarnorkukafbátana K-159 og K-27 frá tímum Sovétríkjanna. Tímaramminn til að sækja þá er talinn 10 til 30 ár áður en þeir byrja að leka geislavirkum úrgangi út í hafið og menga þar með gjöful fiskimið Rússlands og Noregs.

RÚSSLAND Vladímír Pútín Rússlandsforseti hefur fyrirskipað að tveir kjarnorkukafbátar frá tímum Sovétríkjanna verði sóttir af hafsbotni Norður-Íshafsins. Þar hafa þeir legið grotnandi í fjöldamörg ár og skapað hættu á stórfelldu kjarnorkuslysi í hafi.

Annar kafbátanna er K-159, smíðaður árið 1962 og tekinn úr notkun árið 1989, skömmu fyrir fall Sovétríkjanna. Kafbáturinn bilaði nokkrum sinnum og var óþéttur og illa haldið við. Þegar verið var að flytja hann til förgunar í Múrmansk árið 2003 slitnaði hann frá og sökk til botns í Barentshafi með níu manns innanborðs sem létust skömmu síðar. Innanborðs eru 800 kíló af kjarnaúrgangi.

Hinn er K-27, smíðaður árið 1958 en tekinn úr notkun árið 1979, en hann var hannaður til þess að elta uppi aðra kjarnorkukafbáta. Tilraunastarfsemi var gerð með kjarnaofnana í bátnum en hann var loks tekinn úr umferð vegna kostnaðar. Árið 1982 var báturinn loks dreginn út á Karahaf, norðan við Síberíu, og sökkt þar í trássi við alþjóðalög um losun kjarnaúrgangs. Skoðanir hafa sýnt að báturinn lekur ekki en sérfræðingar segja hann tifandi tímasprengju sem gæti haft skelfileg keðjuverkandi áhrif á Norður-Íshafið og lífríkið þar.

Stórt kjarnorkuslys út frá strönd um Rússlands myndi hafa verulega skaðleg áhrif á efnahag landsins. Þarna liggja gjöfulustu fiskimiðin sem gera Rússa að stórleikanda í sjávarútvegi heimsins.

Þess utan hafa málefni norðurslóða fengið aukið vægi í heimspólitíkinni í ljósi hlýnunar jarðar og þeirra tækifæra sem opnast í skipaumferð um Norður-Íshafið. Rússar eru í harðri samkeppni við Bandaríkjamenn og Kínverja um yfirráð á þessu svæði. Tímasetningin á aðgerðunum er sennilega engin tilviljun því Rússar taka brátt við formennsku í Norðurskautsráðinu.

Með því að sækja K-159 og K-27 er verkefninu hvergi nærri lokið. Eftir fall Sovétríkjanna unnu Rússar að því með vesturveldunum að taka í sundur 197 kjarnorkubáta, sem

> **K-159 sökk á leið í förgun árið 2003 með níu manns innanborðs.**

margir lágu ryðgandi og lekandi úrgangi úti í sjó.

Alls liggja 19 kjarnorkudrifnir rússneskir bátar og skip af einhverju tagi á hafsbotni, fjórtán stakir kjarnaofnar og þúsundir annarra hluta sem gefa frá sér geislavirknimælingu. Um 90 prósent af heildarúrganginum eru í sex hlutum, kafbátunum tveimur, þremur ofnum úr kafbátum og einum ofni úr ísbrjótnum Lenín sem nú liggur við bryggju í Múrmansk og er opinn almenningi. Til stendur að sækja alla þessa hluti á næstu tólf árum.

Norðmenn hafa lýst miklum áhyggjum af kafbátunum tveimur enda mikið í húfi fyrir þeirra eigin fiskimið. Hafa Norðmenn því aðstoðað Rússa við rannsóknir á bátunum og tekið að sér að mæla geislavirkni þar um kring og í lífverum. Ekkert hefur enn þá fundist sem bendir til leka en talið er að tímaramminn til að bregðast við og forðast stórslys sé 10 til 30 ár. Meira að segja lítill leki gæti haft voveiflegar afleiðingar fyrir lífríkið og sjávarútveginn. Enn þá banna 20 lönd innflutning á japönskum sjávarafurðum eftir kjarnorkuslysið í Fukushima árið 2011.

Þetta verður þó langt því frá auðvelt eða ódýrt verk. Búast má við að það kosti tugi eða hundruð milljarða króna og tímaramminn á hverju ári er aðeins þrír eða fjórir mánuðir vegna veðurs. Þá er verkefnið gríðarlega áhættusamt fyrir þá sem koma að því og vandasamt að sækja bátana án þess að þeir skemmist og byrji að leka. Með hverju árinu aukast líkurnar á því. Að öllum líkindum mun þurfa að smíða sérstakt skip til þess að sækja bátana.

kristinnhaukur@frettabladid.is

LYFSALINN

HEFUR OPNAÐ APÓTEK

Í ORKUHÚSINU

URÐARHVARFI 8



Inngangur á bakhlið hússins í A álmu. Keyrt að frá Vatnsendahvarfi.



Verið hjartanlega velkomin

LYFSALINN GLÆSIBÆ Opið 8.30 - 18.00 Sími 517 5500 / lyfsalinn@lyfsalinn.is
LYFSALINN VESTURLANDSVEGI Opið 10.00 - 22.00 Sími 516 5500 / vesturlandsvegur@lyfsalinn.is
LYFSALINN URÐARHVARFI Opið 8.30 - 18.00 Sími 516 5505 / urdarhvarf@lyfsalinn.is
www.lyfsalinn.is

OPIÐ
8.30 - 18.00
virka daga

Traustið farið

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Okkur Íslendingum, stjórnvöldum og almenningi, hefur farnast vel við að leysa úr stórum og flóknum úrlausnarefnum síðustu ár. Farsæl niðurstaða í þeim málum, meðal annars við skuldaskil gömlu bankanna og losun hafta, þýðir að þjóðarbúið er í einstakri stöðu til að fást við efnahagshamfarir vegna kórónaveirufaraldursins. Framan af var útlit fyrir að stjórnvöldum, ríkisstjórninni og þríeykinu, myndi takast vel upp í þessu risastóra verkefni. Reynt var að hafa meðalhóf að leiðarljósi í sóttvarnaaðgerðum þegar óvissan var hvað mest og gripið var til umfangsmikilla efnahagsaðgerða til að milda höggið fyrir fyrirtæki og launafólk. Þá virtust allir sammála um hve mikils virði það væri að viðhalda hér opnum landamærum, með ákveðnum varrúðarráðstöfunum.

Sú stefna varði stutt. Breytt var um kúrs um miðjan síðasta mánuð, á æsingafundi ríkisstjórnarinnar, með því að skella landinu í lás. Margir spyrja sig nú – réttilega – hvert sé markmiðið. Enginn hefur í raun hugmynd um það. Ráðherrar hafa fullyrt að ekki sé stefnt að veirufríu samfélagi en með síðustu aðgerðum, þegar landamærunum var í reynd lokað vegna þess að ekki náðist að stöðva alfarið að sýktir einstaklingar kæmust inn í landið, fer hljóð og mynd ekki lengur saman. Sjónarmið, sem byggjast að hluta á órökstuddri hræðslu og kvíða, eru nú látin ráða för. Afleiðingarnar af slíkri stefnu, sem eru síður sýnilegar og koma fram yfir lengri tíma, eiga eftir að valda gríðarlegu samfélagslegu tjóni, meðal annars á líf og heilsu fólks, og snerta yngra fólk frekar en eldra.

Við vitum nú að dánartíðni af völdum veirunnar er mun minni en fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir. Samkvæmt nýrri rannsókn Íslenskrar erfðagreiningar er dánartíðni þeirra sem sýkjast hérlendis um 0,3% en 0,1% hjá þeim sem eru yngri en 70 ára. Slíkar staðreyndir hljóta að skipta lykilmáli við ákvarðanir um hversu langt eigi að ganga í sóttvarnaaðgerðum. Staðan er sú hin sama í öðrum ríkjum. Tíðni smits hefur vissulega aukist en á sama tíma er ekki að merkja neina aukningu hjá þeim sem veikjast alvarlega eða deyja. Ungu fólki, stærsta hópnum sem er að greinast, stendur ekki alvarleg ógn af veirunni – og það er engum greiði gerður með því að ala á hræðsluáróðri sem fullyrðir hið gagnstæða. Fólk er ekki fífl og ef gögnin sýna annað en skilaboð stjórnvalda þá mun almenningur hætta að taka mark á þeim.

Áður mátti merkja samhverfu og skýra nálgun hjá stjórnvöldum á því hvernig best væri að lifa með veirunni. Með því að loka í reynd landamærunum, eitt Evrópuríkja, hefur ríkisstjórnin hins vegar framlengt og aukið á þá óvissu sem var fyrir í samfélaginu. Líkja má þeirri ákvörðun við það ef seðlabankastjóri hefði, afar óvænt og á skjön við fyrri yfirlýsingar, tilkynnt um hækkun vaxta. Slík ákvörðun hefði verið óskiljanleg. Við þessar aðstæður, þar sem traust á ákvörðunartöku stjórnvalda fer þverrandi, verður fjárfesting í atvinnulífinu hverfandi og fyrirtæki munu ekki ráða til sín fólk í vinnu. Flestir ráðherrar ríkisstjórnarinnar hljóta að vita að það voru mistök að grípa til svo harðra aðgerða. Þeir standa nú frammi fyrir því, hafi þeir áhuga á stýra landinu, að finna útgönguleið úr þessum vanda. Það verður ekki auðvelt og tíminn vinnur ekki með þeim.

Fólk er ekki fífl og ef reynslan og gögnin sýna annað en skilaboð stjórnvalda þá mun almenningur smám saman hætta að taka mark á þeim.

Halldór

Frá degi til dags

Sentímetrarnir

Sóttvarnalæknir er með í undirbúningi að skrifa lettersbréf til heilbrigðisráðherra um að rýmka takmarkanir. Markverðast er að þar verður að finna tillögu um að 200 megi koma saman, en einnig þá nýlundu að reglan um fjarlægð milli fólks verði halveruð: úr tveimur metrum í einn. Þannig má segja að helmingunartími fjarlægðarreglunnar sé um það bil fimm vikur. Með sama áframhaldi verður reglan komin í núll sentímetra síðari hluta árs 2022. Rétt er þó að taka fram að fjarlægðin á milli manna má vera meiri og ekki skylt að fólk ferðist um í 200 manna flokkum.

Þríhyrningurinn ógurlegi

Auglýsingaherferð Martraðastofu hefur vakið athygli, sérstaklega þar sem enginn skildi fyrst hvað var verið að auglýsa og beindust spjótin á tímabili að annarri ríkisstofu. Herferðinni mun vera ætlað að fjölga martröðum þar sem blikkandi þríhyrningur eltir mann á röndum. Má rifja upp að um aldamótin var þáttur af Pokémon tekinn úr umferð fyrir slíkt. Þríhyrningnum ógurlega er erfitt að ná úr höfði sínu án sterkra lyfja. Aukning á notkun lyfja eykur hættuna á að fólk setjist undir stýri undir áhrifum þeirra sem dregur úr umferðaröryggi. Hvað ætli Samgöngustofa segi við þessu útspili Martraðastofu?

Fátækt aldraðra



Sigurjón Arnórsson
framkvæmdastjóri Flokks fólksins

Frumvarp þingmanna Flokks fólksins um að bætur almannatryggingar hækkuðu í samræmi við launavísitölu, var fellt á 150. löggjafarþingi. Málið var fellt með 31 atkvæði gegn 25. Það voru þingmenn ríkisstjórnarinnar sem felldu frumvarpið, allir aðrir voru því fylgjandi. Með því að samþykkja frumvarpið hefði Alþingi komið í veg fyrir vaxandi kjaragliðnun, meðal annars hjá þeim sem lifa undir lágmarksframfærsluviðmiði félagsmálaráðuneytisins. Kjaragliðnun þýðir að lífeyrir hækkar minna en laun. Í þessum hópi eru til dæmis eldri borgarar sem hafa engar tekjur aðrar en lífeyri frá almannatryggingum. Gamalt fólk sem þarf að velja á milli þess að kaupa sér mat eða lífsnauðsynleg lyf.

Svikin loforð

Allir þeir stjórnmálaflokkar sem sitja í ríkisstjórn hafa ekki bara lofað að koma í veg fyrir aukna kjaragliðnun, heldur hafa þeir ítrekað lofað að leiðrétta þá kjaragliðnun sem hefur farið vaxandi frá hruninu 2008. Þetta mál hefur oft verið samþykkt á landsfundum ríkisstjórnaflokkanna. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur lögðu sérstaka áherslu á þetta mál fyrir alþingiskosningar árið 2013. Í dag horfum við upp á þessa sömu flokka ásamt Vinstrihreyfingunni – grænu framboði svíkja fátækt fólk enn einu sinni með því að standa ekki við gefin kosningaloforð.

Þegar talað er um aldraða sem líða sárafátækt er mikilvægt að hafa í huga að ástandið er eins og það er vegna stefnu stjórnvalda. Mesta kjaraskerðing sem aldraðir hafa orðið fyrir frá hruni er vegna kjaragliðnunar. Þrátt fyrir þunga undiröldu og kröfur um aukið réttlæti hefur meirihlutinn á Alþingi sýnt algjört áhugaleysi á þessum málum. Ef núverandi ríkisstjórnaflokkar hefðu staðið við stóru kosningaloforðin þá væri staða fátækra önnur og betri í dag. Ef við ætlum að bæta stöðu aldraðra þá þurfum við að velja nýtt fólk í ríkisstjórn.

Ef við ætlum að bæta stöðu aldraðra þá þurfum við að velja nýtt fólk í ríkisstjórn.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Framhaldsskólanemar

Í DAG

Guðmundur Steingrímsson

Mér finnst framhaldsskólanemar verðskulda mikla aðdáun okkar hinna um þessar mundir, og hvatningu. Ég held að margir deili þeirri skoðun að framhaldsskólaárin séu einhver þau skemmtilegustu á lífsleiðinni. Vinasambönd verða til sem endast út ævina, alls kyns furðuleg uppátæki og tilraunastarfsemi á flestum sviðum mannlegrar tilvistar eiga sér stað og verða tilefni til upprifjunarhláturroka á endurfundum síðar meir. Hjá mörgum eru framhaldsskólaárin brunnur minninga sem hægt er að sækja í endalaust. Þarna glittir í að fólk verði fullorðið. Þetta eru svokölluð mótunarár og þó ekki auðnist öllum að blómstra á þessu skeiði lífsins, þá hafa þau engu að síður gildi fyrir flesta sem slík: Árin sem gerðu mann.

Frelsið eykst. Sjálfsvitneskja og veraldarvitund eykst í réttu hlutfalli við mistökin sem maður gerir og árangurinn sem maður nær. Ég man enn þá tilfinninguna þegar fyrsti dagurinn minn í menntaskóla rann upp einhvern tímann á síðustu öld. Þessi sérstaki kvíðablandni spenningur sem einkennir ætíð fyrstu skóladaga heltók mig sem aldrei fyrr. Ég man enn þá hvernig samnemendur mínir litu út. Ég man stemmninguna. Lyktina. Litina. Svo hófst ævintýrið.

Því miður hefur árans veiran gert það að verkum að þetta haustið upplifa framhaldsskólanemar ekki svona upphaf. Verklagið er misjafnt eftir skólum en flestir þurfa að stunda fjarnám í tölvunum sínum heima, og ef það má mæta í skólann verða nemendur eins og dóttir mín að sitja með metra millibili í afkáralegum vandræðaleika í sömu stofunni allan daginn. Ég vona að þessi árgangur muni í framtíðinni, á sínum endurfundum, líta til baka og finna einhverja gleði í því að rifja upp þessa óvenjulegu reynslu sem verður vonandi einungis þeirra.

Einhvern tímann hlýtur þessu jú að linna og framhaldsskólanemar geta fengið aftur böllin sín, frímínúturnar, matsalina, klúbbastarfið, hangsið, hópverkefni í raunheimum, ferðirnar, bíóin, tónleikana, leiklistina, sessunautana og allt þetta smáa og stóra sem einkennir almennilegt framhaldsskólalíf. En á meðan á þessu stendur er myndin vissulega raunarleg: Ungt fólk í blóma lífsins eitt heima hjá sér á náttfötunum í tölvunni frá átta til þrjú að horfa á dæmi, glærur og kennara að tala í lélegri birtu. Í miðri farsótt.

Þetta er alls ekki nógu gott. Þegar þessu kóvitaástandi lýkur á þetta unga fólk skilið eitthvað mjög skemmtilegt. Umbun og virðingu. Að lífið verði fjör. Án þess að maður vilji fara of mikið fram úr sér í rómantík og óraunsæi, þá mætti til dæmis hugsa sér að kannski verði einn dagur án heimaverkefna einhvern tímann á misserinu, þegar veiran verður farin. Nei, ég segi svona.

Grínlaust mætti hugsa sér að þessir tímar gætu nýst til þess að hugsa ýmislegt í framhaldsskólakerfinu upp á nýtt. Eitt truflar mig og aðra. Það hefur einkennt hinn íslenska framhaldsskóla mjög hversu margir kjósa að hætta í honum. Nemendur flosna upp úr námi í stórum stíl.

Hverju sætir? Ég aðhyllist kenningu. Horfandi á nemendur í fjarkennsluleiðindunum finnst mér kenningin birtast mér skýrar en áður. Við segjum á hátíðarstundum og í inngangi að stefnuplöggum að framhaldsskólinn eigi að vera sveigjanlegur og að þar eigi nemendur að geta stundað nám við sitt hæfi og í samræmi við áhugasvið sitt. Þessu er ekki fyllilega að heilsa. Sveigjanleikinn er í orði kveðnu, en ekki í raunveruleikanum. Þar liggur hundurinn grafinn.

Allir skulu læra íslensku, ensku, stærðfræði, eitt Norðurlandamál, þriðja tungumálið og fara í íþróttir. Þar með er hann fokinn út í veður og vind, sveigjanleikinn. Unnvörpum gefst ungt fólk upp, sem kannski hefur mikinn áhuga á listum en engan á stærðfræði, eða mikinn á stærðfræði en engan á dönsku. Ef pælingin er að fólk stúderi þessi skyldufög heima í fjarkennslu í ofanálag er ekki að sökum að spyrja. Líklegt er að hugurinn leiti á önnur mið. Það er afrek, finnst mér, ef hann gerir það ekki.

Ég skil ekki þessa stefnu. Af hverju þarf ungur einstaklingur sem lært hefur góðan grunn í svokölluðum grunnskóla að halda áfram að læra grunn? Af hverju þarf efnilegur stærðfræðingur að verja miklum tíma í að læra þrjú tungumál til viðbótar við íslensku? Er ekki hægt að læra þau seinna ef áhugi er á því? Af hverju stöðvum við ungt fólk í námi, drepum áhuga þess, með kröfum um að þau læri eitthvað sem kemur þeim afskaplega lítið við, á meðan þau gætu í staðinn blómstrað á áhugasviði sínu? Sumar þjóðir leyfa 16 ára ungu fólki að velja sér þrjú, fjögur áhugasvið, og læra bara þau. Hvers vegna gerum við ekki það? Ég er viss um að þá myndu fleiri öðlast alls konar fjölbreytta menntun á endanum, og námið yrði skemmtilegra, jafnvel í heimsfaraldri.

ALVÖRU LÝKUR UM HELGINA!!

10-50% afsláttur

Lavor HPC fast 120
Orka Max: 1700W
Þrýstingur Max: 120 bör
Vatnsflæði Max: 510 l/klst

20% afsláttur

9.995
Áður ~~12.990~~ kr.

Made by Lavor

20% afsláttur

MaxPro Smergel 250W
6.392
Áður ~~7.990~~ kr.

25% afsláttur

Borðsög Flip-over 1800W
bl. 255mm
52.496
Áður ~~69.995~~ kr.

20% afsláttur

LuTool Gráðukúttsög 254 mm blað
26.372 Áður kr. ~~32.965~~
með 305 mm blaði **36.392**
Áður ~~45.490~~ kr.

Hrærivél 120C
1200W 40-60 lítr.
14.996
Áður ~~19.995~~ kr.
140C 1600W 40-80 lítr. **18.739**
Áður ~~24.985~~ kr.

25% afsláttur

15% afsláttur

Slípirokkur 125mm 950W
6.795
Áður ~~7.995~~ kr.

40% afsláttur

LuTool
stein/við/járn
sög 600W
9.951
Áður ~~16.585~~ kr.

Arges bor-/skrúfvél
18V, 1,8Ah rafhlaða
7.800
Áður kr. ~~13.900~~

40% afsláttur

20% afsláttur

LuTool fjölnota sög
/hjakktæki/juðari. 300W.
5.592
Áður kr. ~~6.990~~



Sláttuorf Mow FBC310
21.739
Áður ~~28.985~~ kr.

Sláttuorf:
1cylinder
loftkældur
mótor. 0,7 kW
Rúmtak 31CC,
Stærð bensíntanks 0,65 L

25% afsláttur

Delta föðurland
buxur
2.792
Áður ~~3.490~~ l

20% afsláttur

25% afsláttur

33.739
Áður ~~44.985~~ kr.

MOWER CJ18
BS 3,5hp Briggs&Stratton
mótor, rúmtak 125 CC,
skurðarvídd 46cm/18".
Safnpoki að aftan 60 L,
skurðhæð og staða
25-80mm/10

BRIGGS & STRATTON ®

25% afsláttur

Oden þekjandi
viðarvörn 2,7L
4.995
Áður ~~6.695~~ kr.

20% afsláttur

Colorex Vagans PRO
St. A innimálning 9L
6.796
Áður ~~8.495~~ kr.

25% afsláttur

Ladora premium
tréolía 3L
2.246
Áður ~~2.995~~ kr.

25% afsláttur

Colorex Betopaint útimálning
Stofn A 9L
7.496
Áður ~~9.995~~ kr.

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður	Selhellu 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
	Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is	

SUMARÚTSALA

Bíla & gluggaþvottakústur, gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun

2.097

Áður ~~2.995~~ kr.

30% afsláttur

Joker 1400W Ryk-/blautsuga

9.995

Áður ~~12.995~~ kr.

23% afsláttur

Drive Pro Ryk- & vatnssuga 20L, 1400W mótor Sogkraftur 17 KPa

10.792

Áður ~~13.490~~ kr.

20% afsláttur

Kaliber ferðagasgrill

21.735

Áður ~~28.980~~ kr.

Kaliber PREMIUM GRILL

2 brennarar (5kW)
Grillflötur 53x37cm
Grillgrind úr pottstáli
Þrýstijafnari fylgir

25% afsláttur

Ceravid Handlaugarsett 45cm með blöndunartæki

14.995

Áður ~~18.890~~ kr.

20% afsláttur

BoZZ sturtusett með hitastýrðum blöndunartækjum

18.668

Áður ~~24.890~~ kr.

25% afsláttur

3-6 lítra hnappur

CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur og hæglokandi seta.
Þýsk gæðavara

34.872

Áður ~~43.590~~ kr.

20% afsláttur

Riga salerni með setu, gólf- eða veggstútur

19.916

Áður ~~24.895~~ kr.

20% afsláttur

15% afsláttur

Ceravid vegghengd handlaug

5.857 Áður ~~6.890~~ kr.

Guoren-BO Hitastýrt sturtutæki með niðurstút

9.793

Áður ~~13.990~~ kr.

30% afsláttur

Guoren Sturtusett með hitastýrðum blöndunartækjum

28.425

Áður ~~37.900~~ kr.

25% afsláttur

MIKIÐ ÚRVAL AF PARKETI OG FLÍSUM MEÐ 20-50% AFSLÆTTI

Flísar
Gólf- og veggflísar verð frá 954 kr./m²

Harðparket
8mm verð frá 1.183 kr/m² (AC4)
12mm verð frá 1.868 kr/m² (AC5)



Creative Super Seal 5 litrar

10.192

Áður ~~11.990~~ kr.

25 litrar **24.638**
Áður ~~28.985~~

15% afsláttur

Steypugljái á stéttina – þessi sem endist

25% afsláttur

Colorex Sköld þakmálning 9L Stofn A

9.746

Áður ~~12.995~~ kr.

30% afsláttur

Gólfmálning - Grágrænn 3 L

3.777

Áður ~~5.395~~ kr.

40% afsláttur

Wineo vínyl parketi m/áföstu undirlagi

2.994 kr./m²

Áður ~~4.990~~ kr.

Ódýrasta vínilparket með undirlagi á Íslandi!

Fyrirvari um prentvillur. Tilboðin gilda í öllum verslunum Múrbúðarinnar. Takmarkað magn af sumum vörum.

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Brassar boða jafnar greiðslur

FÓTBOLTI Brasilíska knattspyrnusambandið tilkynnti fyrr í þessari viku að kvennalið landsins myndi fá sömu greiðslur og karlaliðið fyrir landsliðsverkefni þeirra.

Með því eru kvennalandsliðinu tryggðir sömu dagpeningar en þær fá einnig sömu bónusgreiðslur og karlaliðið, takist þeim að vinna HM eða Ólympíuleikana. Marta, ein besta knattspyrnukona allra tíma, hefur barist fyrir réttindum kvennalandsliðsins undanfarin ár og tók brasilíska knattspyrnusambandið stórt skref í rétta átt með þessari ákvörðun.

Enska knattspyrnusambandið brást við þessum fregnum með því að benda á að slíkt hefði verið uppi á teningnum þar frá því í janúar fyrr á þessu ári.

Rúm tvö ár eru liðin síðan KSÍ tilkynnti að íslenska kvennalandsliðið myndi fá sömu bónusgreiðslur greiddar og karlalandsliðið í landsliðsverkefnum. Þá hafa dagpeningarnir verið þeir sömu í karla- og kvennalandsliðinu í nokkur ár.

Aðrar þjóðir hafa verið að færast í þessa átt undanfarin ár en bandaríska kvennalandsliðið fór með baráttu sína fyrir bættum kjörum fyrir dómstóla þar í landi.

– kpt

Leggja línurnar fyrir veturinn

HANDBOLTI Stjórn HSÍ fundaði í gær með formönnum liðanna til að útlista regluverk fyrir tímabilið ef kórónaveirufaraldurinn stöðvar mótshald í íslenskum handbolta á ný. Fyrstu keppnisleikir vetrarins eru um helgina þegar Meistarakeppni HSÍ fer fram í Origo-höllinni með viðureignum Fram og Þór/KA í kvennaflokki og viðureign Vals og ÍBV í karlaflokki. Von er á reglugerð frá HSÍ á næstu dögum þar sem málið er útlistað nánar.

Tillögurnar sem lagðar voru fyrir félögin eru líkar þeim sem tíðkast hjá öðrum sérsamböndum. Samkvæmt því sem HSÍ leggur fram verður hægt að krýna deildarmeistara eftir 2/3 leikja tímabilsins svo lengi sem öll lið eru búin með álíka marga leiki.

Þá er lagt til að leikjum sé frestað ef fjórir af fjórtán leikjahæstu leikmönnum liðsins eru í sóttkví. **– kpt**

Stefnir á að vera farin að spila með aðalliðinu eftir mánuð

Knattspyrnukonan Guðbjörg Gunnarsdóttir spilaði langþráðan leik eftir 16 mánaða fjarveru frá vellinum fyrr í þessari viku. Guðbjörgu fannst sjálfri ekkert merkilegt að hafa spilað þennan leik fyrr en hún fór að pæla betur í því. Hún stefnir á vera kominn í form til þess að spila með aðalliðinu eftir mánuð.

FÓTBOTI Guðbjörg Gunnarsdóttir, landsliðsmarkvörður í knattspyrnu, snéri aftur inn á völlinn fyrr í þessari viku en hún hefur verið fjarri góðu gamni í sjö mánuði eftir að hafa fætt tvíbura í heiminn. Guðbjörg spilaði þá með U-19 ára liði Djurgården en leikurinn var aðeins á undan áætlun hjá henni.

Raunar eru 16 mánuðir síðan Guðbjörg lék með aðalliði Djurgården en hún fór í aðgerð vegna þrálátra meiðsla í hásin í maí á síðasta ári. Það var svo í febrúar fyrr á þessu ári sem tvíburarnir komu í heiminn.

„Mér fannst þetta ekki eins merkilegt og fólkinu í kringum mig fyrir leikinn og strax eftir hann. Þegar ég pæli í því núna er þetta samt auðvitað viss áfangi í átt til þess að komast aftur í boltann af fullum krafti. Það eru tvær vikur síðan ég byrjaði að æfa með liðinu en ég hef haldið mér í góðu líkamlegu formi eftir að ég jafnaði mig eftir aðgerðina á hásininni," segir Guðbjörg í samtali við Fréttablaðið.

„Ég er mjög góð í skrokknum og er betri í dag en áður en ég fór í aðgerðina. Líkamlega formið er allt að koma til og þetta er allt í rétta átt. Það er hins vegar tvennt ólíkt að æfa ein með markmannsþjálfara eða í líkamsræktarsalnum en að æfa með liðinu og spila leiki. Það var smá stress í mér í upphafi leikins þegar ég átti að taka langar spyrnur og annað en svo kom þetta bara fljótt og ég komst vel frá leiknum," segir markvörðurinn þaulreyndi.

„Planið var að vera orðin klár í að spila með aðalliðinu eftir mánuð um það bil. Við erum enn þá með þann tímapunkt í huga. Við erum með tvo góða markmenn fyrir utan mig þannig að það er ekkert verið að drífa sig um of að láta mig spila með aðalliðinu. Aðstæður eru líka þannig með tvíburana svona unga að ég treysti mér ekki til þess að spila alla leiki eins og staðan er núna og það væri til dæmis erfitt að fara í útileiki núna þar sem ég þyfti að vera í burtu frá þeim í nokkra daga," segir þessi 35 ára gamli leikmaður.

Guðbjörg Gunnarsdóttir, landsliðsmarkvörður í knattspyrnu, slær hér boltann frá marki sínu. MYND/DJURGÅRDEN

> **Þessa dagana finnst mér bara svo æðislegt að vera farin að æfa fótbolta aftur og geta mætt á æfingar.**

„Þessa dagana finnst mér bara svo æðislega gaman að vera farin að æfa fótbolta aftur og geta mætt á æfingar þannig að aðaláherslan hjá mér er bara að bæta líkamlega formið jafnt og þétt næstu mánuðina. Ég mun svo berjast fyrir stöðu minni þegar ég verð komin í mitt besta form á nýjan leik. Ég renn út á samningi hjá Djurgården eftir að yfirstandandi leiktíð lýkur og ég mun skoða mína stöðu í janúar og hvað ég ætla að gera í framhaldinu," segir hún en Djurgården er eins og sakir standa í sjöunda sæti af tólf liðum í sænsku úrvalsdeildinni. Næsti leikur liðsins er gegn toppliði deildarinnar, Rosengård, á sunnudaginn kemur.

Fram undan eru svo tveir leikir hjá íslenska landsliðinu í undankeppni EM á móti Lettlandi og Svíþjóð en þeir leikir fara fram dagana 17. og 22. september á Laugardalsvellinum.

„Ég hef ekkert rætt við Jón Þór [Hauksson] um þessa leiki og raunar ekkert talað við hann síðan hann óskaði mér til hamingju þegar tvíburarnir komu í heiminn. Þetta kemur bara í ljós þegar hópurinn verður valinn fyrir þessa leiki. Það væri mjög gaman að geta spilað við Svía þar sem ég er orðin hálfgerður Svíi eftir að hafa búið þar svona lengi og komið mér vel fyrir í sænsku samfélagi," segir Guðbjörg sem er í sambúð og á tvíburana með sænsku knattspyrnukonunni Miu Mjalkerud.

Miðað við það sem Guðbjörg segir um að stefnan sé að vera farin að spila með aðalliði Djurgården eftir mánuð mætti leiða að því líkum að Jón Þór gefi henni frí í komandi leikjum og endurkoma hennar með landsliðinu verði svo í útileik Íslands á móti Svíum sem leikinn verður á Gamla Ullevi 27. október næstkomandi. Ísland og Svíþjóð tróna á toppi riðilsins en liðin eru bæði með fullt hús stiga eftir að hafa leikið þrjá leiki.

hjorvaro@frettabladid.is

DV

DV ER KOMIÐ ÚT

Náðu þér í eintak á næsta sölustað eða komdu í áskrift á dv.is og fáðu blaðið sent heim í hverri viku.

Fólk
Lífsstíll
FÖSTUDAGUR 4. SEPTEMBER 2020

Tónlistarmaðurinn Andervel stefnir á útgáfu EP-plötu sem er undir áhrifum frá heimþrá hans til heimalandsins Mexíkó. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fæ innblástur frá öllu sem umlykur mig

Mexíkóski tónlistarmaðurinn Andervel flutti til Íslands fyrir tveimur árum til að fara í mastersnám. Hann hefur samið tónlist frá unglingsaldri og vinnur nú að annarri breiðskífu sinni og EP-plötu sem er væntanleg í næsta mánuði. →2

Allra meina bót!

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Það er margt sem veitir Andervel innblástur. Hann reynir að veita athygli litlu hversdagslegu hlutunum í umhverfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Andervel heitir fullu nafni José Luis Andervel en tónlistina hans á Spotify má finna undir því nafni, hann segist þó oftast vera kallaður Andervel. Hann á að baki langa tónlistarmenntun en hann byrjaði að spila á gítar tólf ára gamall og samdi fyrstu lögin sín fyrir þréttán árum, þá fjórtán ára gamall.

„Ég byrjaði á að flytja hefðbundna tónlist með hljómsveit í heimabænum mínum Querétaro í Mexíkó en þar söng ég sem ungur einsöngvari. Ég hélt svo áfram formlegri tónlistarmenntun og útskrifaðist með bachelor-gráðu í söng," segir Andervel.

Hann kom svo til Íslands árið 2018 til að fara í mastersnám í tónlistardeild Listaháskóla Íslands en hann lauk námi þaðan nýlega.

„Satt að segja þá langaði mig að skipta um andrúmsloft. Ég var orðin þreyttur á hraðanum og streitunni í daglegu lífi í Mexíkó. Allt í einu fannst mér ég vera að kafna af að vinna allan daginn. Ég þurfti að finna stað þar sem ég hefði pláss til að þróa sköpun mína og finna innblástur upp á nýtt. Ísland virtist rétti staðurinn til þess," útskýrir Andervel.

Heillaður af snjókomu

Andervel segir að tónlistin hans sé afleiðing persónulegrar reynslu sinnar tilfinningaveru. Hún er leið til að lifa af og læknast og einfaldlega til að tjá eitthvað sem hann vill fá útrás fyrir.

„Það er margt sem veitir mér innblástur. Í fyrsta lagi er það allt sem umlykur mig. Ég reyni að veita athygli þessum litlu töfrandi hlutum sem gerast á hverjum degi. Ég get eytt mörgum klukkutímum sitjandi við eldhúsborðið að horfa út um gluggann á garðinn minn. Bara að horfa á trén bærast í vindinum eða snjókomuna. Ég er sérstaklega heillaður af snjókomu. Hún er svo falleg og ljóðræn. Kannski af því ég kem frá ólíkum stað, í Mexíkó er sums staðar snjór en ég hafði aldrei séð borg þakta snjó fyrr en ég kom hingað."

Andervel segir að leikhús og að teikna veiti honum líka innblástur og auðvitað aðrir listamenn líka.

„Nýjasta verkið mitt, væntanleg EP-plata, er undir miklum áhrifum frá hefðbundinni mexíkóskri tónlist og hljómsveitarverkum, þar er hluti af bakgrunni mínum og hefur mótað það hvernig ég byggi upp laglínurnar og dýnamíkina í verkunum," útskýrir hann.

„Ég fæ samt mestan innblástur frá Íslandi og tíma mínum hér. Landslaginu, menningarsjokkinu, vetrinum, snjónum. Ég vil ímynda mér að ég sé að byggja brú milli þessara tveggja fallegu landa, beggja heimila minna. Ég er mexíkóskur listamaður, ég ber með mér hina miklu menningu míns lands auk þess sem Ísland hefur gefið mér svo mikið á þeim tíma sem ég hef verið hér. Það er mér náttúrulegt að blanda þessum tveimur heimum saman, eða þannig upplifi ég það."

Andervel lýsir tónlist sinni sem persónulegum, mjög hreinskilnum og einlægum verkum, mjög ríkum af tilfinningum.

„Ég vil nýta tilfinninguna bak við tónlistina til hins ýtrasta, Ég leik mér gjarnan með dýnamík og andstæður til að byggja upp hugmyndina. Yfirleitt byrja ég á einhverju einföldu, gítar eða píanói og eigin rödd. Síðan bæti ég utan á hana til að ná fram ákveðnum tilfinningum.

Upplifði söknuð til Mexíkó

Andervel gaf út sína fyrstu breiðskífu árið 2016 en er núna að vinna

EP-platan heitir Noche sem þýðir nótt á spænsku. MYND/PATRIK ONTKOVIC

> Ég get eytt mörgum klukkutímum sitjandi við eldhúsborðið að horfa út um gluggann á garðinn minn.

að tveimur plötum. Áðurnefndri EP-plötu á spænsku, sem kallast Noche sem þýðir Nótt og svo að breiðskífu en hún verður á ensku. EP-platan kemur út 21. október en breiðskífan kemur að öllum líkindum út á næsta ári.

„Síðasta vetur þegar ég var að vinna að breiðskífunni upplifði ég mikinn söknuð þegar ég hugsaði heim til Mexíkó. Mig fór að dreyma liti landsins, lyktina, fólkið þar, fjölskylduna mína og svo framvegis. Ég varð að tengjast menningunni minni aftur. Ég fann að ég fór að leita aftur í þá tónlist sem ég var vanur að spila og syngja áður. Eftir mexíkósk tónskáld eins og Manuel M. Ponce, Agustin Lara og Maria Grever. Ég fór þess vegna að einbeita mér meira að því að skrifa EP-plötuna en að klára að gera breiðskífuna," segir Andervel.

„Aðalviðfangsefni Noche er, eins og nafnið gefur til kynna nóttin, en fjögur lög urðu til út frá henni. Ég hef þegar gefið út tvö lög af plötunni, Muñequita og það nýjasta No sé. Platan í heild kemur út í næsta mánuði en núna er ég aftur byrjaður að vinna að breiðskífunni."

Þakklátur fyrir tækifærin sem hann fær

Andervel segir að Ísland hafi ýtt undir sköpunargáfu sína. Hér hafi hann fundið tíma til að þróast þrátt fyrir að finnast erfitt að fást við allt umstangið sem fylgir því að vera innflytjandi hér.

„Þar sem ég er ekki evrópskur ríkisborgari upplifi ég mig svolítið mitt á milli. Ég er hér en ég er ekki alveg frjáls. Ég bý hér en á sama tíma er ég eins konar gestur. Aftur á móti er sannleikurinn sá að Ísland er heimili mitt núna alveg til jafns við Mexíkó. Þó að ég sé ekki fæddur hér þá er líf mitt hér núna."

Hann segir að það að Ísland sé lítið samfélag hafi sína kosti og galla.

„Tónlistarsenan hérna er dásamleg, hér er hæfileikaríkt fólk með mjög góðar hugmyndir. Ég hef verið mjög heppinn að hitta gott fólk á þeim tíma sem ég hef verið hér. Hæfileikaríkt listafólk og vini sem hafa hjálpað mér og kennt mér margt. Það er aftur á móti enn þá mjög margt sem mig langar að gera hér, margt fólk sem mér myndi langa að vinna með og tónleikar sem ég myndi vilja spila á, eins og Iceland Airwaves til dæmis. Sem erlendur listamaður er ég mjög þakklátur fyrir þau tækifæri sem ég fæ til að kynna tónlistina mína."

Andervel segist vonast til að geta fylgt Noche eftir með tónleikum í október. Platan átti upprunalega að koma út í ágúst. Búið var að vinna ötullega að því að útsetja lögin fyrir fleiri hljóðfæri, meðal annars strengjasveit, og tónleikar voru bókaðir í ágúst. En COVID setti strik í reikninginn.

„Við urðum því miður að fresta tónleikunum og núna er ég bara að bíða eftir nýjum reglum um samkomutakmarkanir til að geta endurmetið möguleikann á tónleikum og ákveðið dagsetningu."

e-Forward rafhjól
Samsung batterí - Shimano gírar
Ofurtilboð: 135.000
Topphjól.is - Bíldshöfða 16
sími 661-1902


GIORGIO ARMANI
Adria Arjona
I AM WHAT I LIVE
MY WAY
THE NEW FEMININE FRAGRANCE
armanibeauty.com
MY WAY
GIORGIO ARMANI

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Garðyrkja

PROSTONE
» Jarðvinna
» Drenlagnir
» Hellulagnir
» Þökulagnir
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Húsaviðhald

PROSTONE
» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

HUMARSALAN

Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN:IS S. 867 6677

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að... börn eiga rétt á læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu.

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105
Upplýsingar í síma 782 8800

Heilsa

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

NORMX.IS
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Í YFIR 35 ÁR

Þökkum frábærar viðtökur í sumar!
Núna eru okkar vinsælustu pottar til á lager!

Sigurlaug 550 L
124.500 kr.

Snorralaug 2000 L
278.000 kr.

Unnarlaug 1850 L
285.000 kr.

Grettislaug 1400 L
239.000 kr.

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx@normx.is

ráðum ráðningarstofa
Þarftu að ráða starfsmann?
Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

VEIÐIPORTIÐ

ÚT Á GRANDA

ÚT Á GRANDA

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán. – fös. kl. 9 – 18. Laugardag kl. 9 – 16. Sunnudag kl. 10-14.

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

4. SEPTEMBER 2020 FÖSTUDAGUR

Merkisatburðir

1882 New York er raflýst, fyrst allra borga í heiminum, að tilstuðlan uppfinningamannsins Edisons.

1943 Íslandsklukkan eftir Halldór Kiljan Laxness kemur út.

1949 Kirkja er vígð í Möðrudal á Fjöllum.

1954 Þverárvirkjun í Steingrímsfirði er vígð.

1969 Björgvin Halldórsson, 18 ára, er kosinn poppstjarna ársins á popphátíð í Laugardalshöll í Reykjavík.

1984 Níunda hrina Kröflueldа hefst.

1989 Mótmæli hefjast í Leipzig í Þýskalandi.

1994 Kansai-flugvöllur er opnaður í Ósaka í Japan.

1995 Fjórða heimsráðstefna kvenna er sett í Peking í Kína.

1998 Google er stofnað af Larry Page og Sergey Brin, nemendum við Stanford-háskóla.

2004 Endurgerða víkingaskipið Havhingsten frá Glendalough er sjósett í Hróarskeldu.

✝

Frænka okkar,

Guðfinna S. H. Sigurjónsdóttir

(Lilla)

lést 30. ágúst í Arizona, Bandaríkjunum.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

Steindór S. Guðmundsson

✝

Ástkær móðir, amma, langamma og mágkona,

Halldóra Helga Óladóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þann 30. ágúst 2020.

Útför verður auglýst síðar.

Sigríður O. Gunnarsdóttir
Oddný Gunnarsdóttir **Egill Daníel Sigurðsson**
Halldór Steingrímsson **Guðrún Jensdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

✝

Ástkær systir okkar og frænka,

Ásta Kristín Þorleifsdóttir

frá Naustahvammi, Neskaupstað, Hrafnistu Hlévangi, Reykjanesbæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Hlévangi þriðjudaginn 1. september 2020. Útförin verður auglýst síðar.

Stefán Þorleifsson
Guðbjörg Þorleifsdóttir
Guðrún Þorleifsdóttir
Vilhjálmur Norðfjörð Þorleifsson
systkinabörn og fjölskyldur.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Harpa Rún heima á hlaðinu í Hólum. Hún er með hús í byggingu á fallegum stað í næsta nágrenni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Forsmekkur að flóðinu

Áður en flóðið kemur nefnist dagskrá í Bókakaffinu á Selfossi á sunnudaginn og vísar til jólabókaflóðsins. Henni stýrir Harpa Rún Kristjánsdóttir bókmenntafræðingur.

Nú fá gestir að kynna sér eitthvað af því sem í boði verður í jólabókaflóðinu," segir Harpa Rún Kristjánsdóttir bókmenntafræðingur um það sem fram fer sunnudaginn 6. september í Bókakaffinu á Selfossi. Dagskráin er liður í Menningarsumrinu þar og ber yfirskriftina: Áður en flóðið kemur.

Harpa Rún segir þá kumpána Bjarna Harðarson og Guðmund Brynjólfsson munu fara á sínum hefðbundnu kostum og kynna síðustu bækur þríleikja sinna. „Bjarni lokar gullhreppahringnum með Síðustu dögum Skálholts en Guðmundur heldur sig nær ströndinni í Þögla barninu. Svo fer Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir norður yfir heiðar í bókinni Aldrei nema kona sem hefur notið vinsælda og Vilborg Davíðsdóttir efnir heit sitt og les úr bókinni sem hún gaf okkur brot úr í fyrra. Bókin er væntanleg í lok október og gestir Bókakaffis fá að skyggnast á ný inn í heim skáldsins."

Sumarupplestrar á Bókakaffinu byrjuðu í fyrrasumar og Harpa Rún rifjar upp að Guðrún Eva las þar úr bók sem hún hafi ætlað að gefa út í ár, 2020. „Það var dýrðarstund og Guðrún Eva fékk svo góðar viðtökur á upplestrinum að hún ákvað að flýta útgáfunni og dreif bókina út fyrir síðustu jól. Svo talaði ég við Vilborgu Davíðs en hún neitaði í byrjun og sagðist aldrei lesa úr verkum í vinnslu en ég þráaðist við og talaði hana til. Varð því mjög glöð þegar ég sá að hún nær að gefa bókina út núna og ætlar að lesa á sunnudaginn fyrir okkur. Hún er frábær upplesari og hefur tónlist undir sem skapar stemningu. – Talandi um tónlist. Gunnlaugur Bjarnason barítónsöngvari ætlar líka að flytja ljóðasöngva á dagskránni og við pianóið verður Hafsteinn Rúnar Jónsson."

> **Ég sé um svona viðburði og leysi af þegar með þarf. Að öðru leyti vinn ég heima sem verktaki í próförkum og yfirlestri.**

Þá vitum við það. Harpa Rún segir sama fyrirkomulag verða og á fyrri viðburðum Menningarsumarsins, lesið tvisvar sama daginn, klukkan 14 og 15, en nú verði einungis tólf miðar í boði á hvorn upplestur, vegna hertra sóttvarnareglna.

Annars kveðst Harpa Rún mikið til hætt að starfa í Bókakaffinu. „Ég sé um svona viðburði og leysi af þegar með þarf. Að öðru leyti vinn ég heima sem verktaki í próförkum og yfirlestri," segir hún. Kveðst líka vera að skrifa sjálf en þó ekki eiga bók í flóðinu í ár. Hún stendur líka í húsbyggingu í Hólum. „Húsið er reyndar smíðað á Selfossi og kemur hingað fokhelt fljótlega. Við erum búin að steypa grunn og rotþróin er komin niður!" segir hún glaðlega og upplýsir að nýja húsið muni standa smá spöl frá hinum tveimur. „Það er vestan við veginn, í skjólinu af litlum skógi sem þar er. Fallegur staður."

Aftur að dagskránni á sunnudaginn. Harpa Rún tekur fram að hægt verði að fylgjast með seinni upplestrinum – klukkan 15 – í streymi á Facebook-síðu viðburðarins, Menningarsumarið í Bókakaffinu. „Það er að verða fullt á fyrri lesturinn svo það er um að gera að panta sem fyrst hjá mér í síma 868 5196 eða með pósti á netfangið harparunholum@gmail.com. Auðvitað er mjög leiðinlegt að þurfa að vísa fólki frá menningarviðburðum en okkur er nauðugur einn kostur. Þannig að fyrstur kemur, fyrstur fær." **gun@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 4. SEPTEMBER 1973

Menntamálaráðherra lagði zetuna niður

Magnús Torfi Ólafsson menntamálaráðherra ákvað þennan dag að leggja skyldi zetuna niður. Hann taldi að alger samstaða hefði orðið um þá breytingu hjá nefnd sem vann að endurskoðun íslenskrar stafsetningar.

Halldór Halldórsson prófessor var formaður nefndarinnar og hann viðurkenndi að þetta væri róttæk breyting, en þó hvarf til fyrri tíma.

Skiptar skoðanir voru meðal fólks í þjóðfélaginu á þessari gjörð og á tímabili klauf zetan íslenskt málsamfélag í tvennt.

Magnús Torfi Ólafsson ráðherra.

Sverrir Hermannsson alþingismaður var til dæmis eindregið á móti afnámi hennar og talaði í fimm og hálfa klukkustund um zetuna í umræðum á alþingi. Taldi hana veigamikinn þátt í gagnsæi málsins því hún sýndi skyldleikatengsl orða. En Erlendur Jónsson íslenskukennari benti á að fjöldi rithöfunda hefði ekki notað zetuna.

ÚTSALAN ER HAFIN!

FULL BÚÐ AF SPENNANDI ÚTIVISTARVÖRUM

Afsláttarborðin eru að sjálfsögðu á sínum stað með enn betri kjörum!

Einnig fáanleg í barna-stærðum

icebreaker

30-50% afsláttur

100% Merino ullarfatnaður. Stingur ekki, hlýrri og tekur ekki í sig lykt.

OSPREY

30-50% afsláttur

OSPREY BAKPOKAR

Hágæða bakpokar
Eitt mesta úrval landsins!

Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar
Fjallgöngubakpokar • Dufflar
Krakkabakpokar • Fjallaskíðabakpokar
Hjólabakpokar • Ferðatöskur

GSI OUTDOORS

30% afsláttur

Svefnpokar, vindsængur, pottar, pönnur, hita- og kælibrúsar, broddar o.fl.

30-50% afsláttur

FERRINO

30% afsláttur

PeakPerformance

KEEN

GÖNGUSKÓR OG SANDALAR

20-50% afsláttur

ALLAR singing rock OG GRIVEL VÖRUR
MEÐ GÓÐUM AFSLÆTTI

ggsport.is

Í vefverslun okkar má finna meira úrval af vönduðum vörum á frábæru verði!

GG·sport

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartímar útsölu: virka daga 10:30-18, laugardag 11-18, sunnudag 12-17

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Lægir vestast á landinu síðdegis og dregur úr vindi og úrkomu annars staðar í kvöld.

Föstudagur

	°C	m/s
Reykjavík	9	9 ↘
Ísafjörður	5	5 ↘
Akureyri	5	8 ↓
Egilsstaðir	7	3 ↓
Kirkjubæjarkl	8	9 ↘
Hveravellir	1	13 ↘

Laugardagur

	°C	m/s
Reykjavík	11	1 ↙
Ísafjörður	7	8 ↗
Akureyri	8	3 ↖
Egilsstaðir	8	5 ↘
Kirkjubæjarkl	10	3 ←
Hveravellir	4	2 ↙

Sunnudagur

	°C	m/s
Reykjavík	11	5 ↑
Ísafjörður	10	4 ↑
Akureyri	6	2 ↖
Egilsstaðir	10	4 ↑
Kirkjubæjarkl	7	3 ↙
Hveravellir	6	10 ↑

LÉTT

2		1	5				6	
	6	5		1				
7		4			9			
	1				8			3
		7			1	6	5	
3		9						8
					4	2		5
4		6	8			3		
5	2							6

MIÐLUNGS

3		4	7				1	
	5	1		8				
6		7			4			
	7				9			4
		2			3	6	5	
4		6						1
					2	3		9
2		3	8			1		
5	4							7

ÞUNG

3		6	1					
9			2		7			
		2	9		5	7		
4		8					1	
			5		6		9	8
1								4
2	8		7	1			6	3
		7						5

Krossgáta

LÁRÉTT
1 slitrur
5 pex
6 ekki
8 talin
10 tveir eins
11 svolítið
12 áar
13 síll
15 rembast
17 kryddjurt

LÓÐRÉTT
1 liðsinnir
2 íþrótt
3 væta
4 renta
7 eðli
9 kynngi
12 op
14 hlemmur
16 tveir eins



LÁRÉTT: 1 hrafl, 5 jag, 6 ei, 8 áliðin, 10 il, 11 ógn, 12 afar, 13 alur, 15 rogast, 17 karsi.
LÓÐRÉTT: 1 hjálpar, 2 rall, 3 agi, 4 leiga, 7 inn-ræti, 9 töfrar, 12 auga, 14 lok, 16 ss.

Skák

Gunnar Björnsson

Browne átti leik Fauland í Vín árið 1986.

1...Hd2! 2. Hf1 (2. Hxd2 Dxa1+ 3. Df1 Hh1+). 2...Dh6 0-1.
Síðari hluta Íslandsmóts skákfélaga sem átti að fara fram í október hefur verið frestað til mars 2021 vegna COVID. Meistaramót Skákskóla Íslands fer fram um helgina.

www.skak.is: Meistaramót Skákskólans.

Svartur á leik

8	1	5	9	2	6	3	4	7
9	2	4	7	1	3	8	5	6
6	7	3	4	8	5	9	1	2
1	4	6	5	9	7	2	3	8
5	9	7	8	3	2	1	6	4
2	3	8	1	6	4	7	9	5
7	8	9	6	5	1	4	2	3
3	6	1	2	4	8	5	7	9
4	5	2	3	7	9	6	8	1

9	1	4	5	8	6	7	2	3
8	5	7	3	9	2	4	6	1
2	6	3	4	1	7	8	5	9
3	8	1	7	5	4	2	9	6
4	7	2	9	6	1	5	3	8
6	9	5	8	2	3	1	7	4
1	3	8	6	7	5	9	4	2
7	2	6	1	4	9	3	8	5
5	4	9	2	3	8	6	1	7

1	2	9	7	3	4	8	6	5
3	8	6	5	9	1	7	4	2
4	5	7	2	6	8	9	1	3
5	7	1	8	4	6	3	2	9
6	3	8	9	2	7	4	5	1
9	4	2	1	5	3	6	7	8
8	6	5	3	7	2	1	9	4
2	1	4	6	8	9	5	3	7
7	9	3	4	1	5	2	8	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

Ég er afkvæmi fjölmenningarinnar

Evgenía Mikaelsdóttir ólst upp í Úsbekistan og Síberíu, ástin dró hana hingað fyrir þremur áratugum og nú vonast hún til þess að með því að láta gamlan draum rætast geti hún gefið samfélaginu, sem tók svo vel á móti henni, eitthvað til baka.

Vinskapurinn lagður til hliðar



Sara Björk Gunnarsdóttir segir blendnar tilfinningar hafa komið upp eftir sigurleik Lyon í Meistaradeild Evrópu. Annars vegar hafi hún fundið fyrir sigurvímu en einnig hafi hún vorkennt fyrrverandi liðsfélögum sínum í Wolfsburg sem lagðir voru að velli í leiknum.

Aldrei fleiri skráðir á Tinder

Samkomubann, tveggja metra reglan og sóttvarnir hafa haft ýmis áhrif og afleiðingar um heim allan, ekki síst fyrir þá sem eru einhleypir. Einhleypir Íslendingar segja lesendum Fréttablaðsins frá áhrifum faraldursins á stefnumótasenuna.

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

ÚTSALA

20-70%

AFSLÁTTUR

MÖGNUÐ TILBOÐ

STILLANLEG HEILSURÚM
20-35%
AFSLÁTTUR
SÝNINGARRÚM
FRÁ 250.680

ÚTSALA
VERÐDÆMI

GRACE 160 CM RÚM
ÚTSÖLUVERÐ
72.220
VERÐ ÁÐUR 106.340
INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

ÚTSALA
VERÐDÆMI

AVIANA 160X200CM RÚM
ÚTSÖLUVERÐ
127.168
VERÐ ÁÐUR 187.780
INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

ÚTSALA
VERÐDÆMI

ALPINE PILLOWTOP
183X213 CM RÚM
ÚTSÖLUVERÐ
222.166
VERÐ ÁÐUR 375.572
INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

SKIPTI OG SÝNINGARRÚM
20-70%
AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL, GERÐU FRÁBÆR KAUP

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM

Kirkjurækið fórnarlamb

BÆKUR

Hafnargata
★★★☆☆
Ann Cleeves

Þýðandi: Þórdís Bachmann
Útgefandi: Ugla
Fjöldi síðna: 366

Bækur breska glæpasagnahöfundarins Ann Cleeves njóta vinsælda víða um heim. Cleeves er vandvirkur höfundur sem leggur áherslu á persónusköpun og trúverðugar umhverfislýsingar. Þekktasta persóna hennar er lögreglufulltrúinn Vera Stanhope sem í Hafnargötu rannsakar morðmál ásamt félögum sínum í lögreglunni.

Eldri kona finnst myrt í lest. Hún var hæglát og kirkjurækin, en í framvindunni kemur í ljós að hún átti myrk leyndarmál. Önnur kona er einnig myrt, en enginn vafi leikur á fortíð hennar. Morðin virðast tengjast. Fjörtíu ára gamalt og óleyst sakamál skýtur síðan upp kollinum.

Þeir glæpasagnalesendur sem vilja mikla spennu og dágóðan skammt af hasar fá lítið fyrir sinn snúð í þessari bók. Sagan er hæg, lesandinn kynnist mörgum persónum sem allar eru dregnar skýrum dráttum og einna áhugaverðust þar er eldri konan sem er myrt. Vera Stanhope, ómannblendin, uppstökk, drusluleg og með öll sín aukakíló, er alltaf jafn hressileg, en hefði mátt vera fyrirferðarmeiri í þessari sögu. Aukapersónur, sem eru ekki jafn sterkir persónuleikar og hún, taka að þessu sinni óþarflega mikið pláss frá henni. Aukin kraftur færist þó í Veru þegar líða tekur á söguna.

Ráðgátan er hæfilega forvitnileg til að byrja með en í frásögnina skortir nokkurn kraft þannig að hætt er við að smám saman fari nokkuð að draga úr áhuga lesandans. Á móti kemur að lausnin blasir ekki við og ætti að koma flestum lesendum á óvart.

Cleeves gerir ekkert illa í þessari bók, en ögn meiri tilþrif skortir.

Kolbrún Bergþórsdóttir

NIÐURSTAÐA: Það er alltaf gaman að hitta Veru Stanhope en það skortir kraft í söguna.

Sérlega skemmtilegar heimildir

Júdítarbók og Makkabeabækur koma út í nýrri ritröð Stofnunar Árna Magnússonar sem nefnist Fornar biblíuþýðingar. Mjög ólíkir textar en báðar sögurnar eru blóðugar.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hefur gefið út tvö fyrstu heftin í nýrri ritröð sem nefnist Fornar biblíuþýðingar. Henni er ætlað að koma á framfæri gömlum íslenskum biblíutextum sem hafa ekki birst í heildarútgáfum Biblíunnar á íslensku. Þessi fyrstu hefti geyma Júdítarbók og Makkabeabækur. Svanhildur Óskarsdóttir og Karl Óskar Ólafsson sáu um útgáfuna.

„Það má finna frá ýmsum öldum texta sem hafa aldrei komist inn í Biblíuna en eru mjög skemmtilegar heimildir, um þýðingarstarf, málsögu, smekk og það hvernig tungumálið hefur þróast," segir Svanhildur. „Í þessum fyrstu heftum endurspeglast vel hversu ólíka texta er um að ræða. Annars vegar erum við með þýðingu á Júdítarbók sem er frá því um 1300 og hins vegar þýðingu á Makkabeabókum frá 16. öld."

Svanhildur segir að ritin geti orðið allt að tíu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Júdít í listasögunni

Um Júdítarbók segir Svanhildur: „Hún er eitt af Apókrýfuritum Gamla testamentisins. Þetta er saga af afskaplega fallegri konu, Júdít, sem er ekkja. Hún er gyðingur og frelsar þjóð sína úr umsátri sem Nebúkadnesar, sem sagður er konungur Assýríumanna í textanum, stendur fyrir ásamt hershöfðingja sínum Hólófernes. Júdít tælir Hólófernes og þegar hann er sofnaður í rekkju sinni þá heggur hún af honum höfuðið. Þessi saga er mjög fræg í listasögunni og til eru margar myndir af því þegar Júdít stendur með höfuð Hólófernesar eða er að sarga það af honum.

Makkabearnir er einnig mjög blóðug saga og fjallar um uppreisn gyðinga sem var leidd af Júdasi Makkabeusi og bræðrum hans. Uppreisnin leiðir til þess að gyðingar ná aftur völdum yfir musterinu í Jerúsalem og stofna sitt eigið ríki á annarri öld fyrir Krist."

Stíllinn á sögunum er mjög ólíkur.

Annað stílviðmið

Um íslensku þýðingarnar segir Svanhildur: „Út frá bókmenntalegu sjónarmiði er Júdítarbók mjög formfögur. Hún er dálítið eins og þjóðsaga, hefur skýra byggingu, aðalpersónur eru tiltölulega fáar og leika afmörkuð hlutverk. Þýðingin er á máli sem er keimlíkt því sem er á fornsögum okkar og afskaplega falleg á köflum.

Þýðingin á Makkabeunum var gerð á 16. öld, rétt eftir siðaskiptin og gefur okkur mynd af því sem þýðandinn, sem kannski var Gísli Jónsson biskup í Skálholti, taldi vera góðan stíl. Þarna er annað stílviðmið en við höfum núna. Við erum mótuð af málhreinsunarstefnunni á 18. og 19. öld og það sem okkur finnst vera fagur stíll og gott mál endurspeglast ekki í þessari þýðingu. Við fyrstu sýn orkar þýðingin sem mjög dönskuskotin og á einkennilegu máli. Þegar farið er að skoða textann betur þá sér maður að þarna er mikill kraftur og skemmtilegt tungumál þótt orðfærið sé okkur framandi núna að ýmsu leyti."

> **ÞAÐ MÁ FINNA FRÁ ÝMSUM ÖLDUM TEXTA SEM HAFA ALDREI KOMIST INN Í BIBLÍUNA EN ERU MJÖG SKEMMTILEGAR HEIMILDIR, UM ÞÝÐINGARSTARF, MÁLSÖGU, SMEKK OG ÞAÐ HVERNIG TUNGUMÁLIÐ HEFUR ÞRÓAST.**

Spurð hversu mörg ritin í ritröðinni muni verða segir Svanhildur að til að byrja með sjái hún fyrir sér allt að tíu heftum.

Samstarf Þjóðleikhússins og Leikfélags Akureyrar

Magnús Geir Þórðarson þjóðleikhússtjóri og Marta Nordal, leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar, skrifuðu í gær undir samkomulag um stóraukið samstarf menningarstofnananna tveggja. Samkomulagið kveður á um fjölgun gestasýninga, sameiginlegar uppsetningar og miðlun þekkingar á milli starfsfólks.

Samkomulagið er fjórþætt. Leikhúsin munu sýna gestasýningar að minnsta kosti einu sinni á ári hvort hjá öðru. Í öðru lagi munu þau sameinast um að framleiða eina sýningu sem verður sett upp á báðum stöðum. Í þriðja lagi felur samkomulagið í sér möguleika á láni á búningum, leikmunum og tæknibúnaði á milli húsanna eftir því sem aðstæður leyfa. Síðast en ekki síst munu verða aukin tækifæri fyrir starfsfólk húsanna til að auka samvinnu sín á milli og miðla þekkingu, og lista- og tæknifólk mun í einhverjum tilfellum geta starfað við verkefni í báðum leikhúsum.

> **ÞAÐ ER TRÚ OKKAR AÐ ÞETTA SAMKOMULAG MUNI VERÐA TIL ÞESS AÐ EFLA LEIKLIST Í LANDINU ÖLLU.**
>
> Magnús Geir

Á leikárinu mun Þjóðleikhúsið sýna Upphaf eftir David Eldridge á Akureyri og stefnt er að sýningu á Vorið vaknar í uppsetningu LA á næsta ári. Þá munu leikhúsin vinna sameiginlega að uppsetningu á Krufningu sjálfsmorðs eftir Alice Birch.

„Það er trú okkar að þetta samkomulag muni verða til þess að efla leiklist í landinu öllu og við viljum gjarnan styðja við starfsemi leikhúss á Akureyri," sagði Magnús Geir við þetta tækifæri.

„Samstarf þessara stofnana eykur slagkraft og stuðlar að fjölbreytni," segir Marta Nordal.

Magnús Geir Þórðarson þjóðleikhússtjóri og Marta Nordal, leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar, ganga til samstarfs.

Garmin Vivoactive 4s

Verð frá
57.990 kr. staðgreitt

Gjafabréf í VR flóttaleiki fylgir

Snjöll úr fyrir snjallt fólk

Gjafabréf í VR flóttaleiki fylgir

Apple Watch S5 40mm

Verð frá
74.990 kr. staðgreitt

Gjafabréf í VR flóttaleiki fylgir

Apple Watch S5 44mm

Verð frá
79.990 kr. staðgreitt

Gjafabréf í VR flóttaleiki fylgir

Amazfit snjallúr

Verð frá
29.990 kr. staðgreitt

Glæsilegir kaupaukar fylgja

Aðgangur í VR flóttaleiki í Smárabíó*
Kynntu þér vöruúrvalið á Vodafone.is

vodafone

*Tilboðið gildir meðan birgðir endast

Í kvöld kl. 20

Sinfóníuhljómsveit Íslands og RÚV efna til glæsilegra tónleika í Hörpu í fimmta sinn, nú í tilefni 90 ára afmælis Ríkisútvarpsins og 70 ára afmælis sveitarinnar. Efnisskráin spannar allt frá Jóni Múla til Igors Stravinsky og rifjaðar verða upp merkar stundir í tónlistarsögu landsmanna.

Hljómsveitarstjóri: Daníel Bjarnason.
Kynnar: Guðni Tómasson og Halla Oddný Magnúsdóttir.
Flytjendur: Emilíana Torrini, Elmar Gilbertsson, Dísella Lárusdóttir, Sigríður Thorlacius, Sigurður Guðmundsson, Páll Palomares, Mótettukór Hallgrímskirkju o.fl.

RÚV okkar allra

DAGSKRÁ

Föstudagur

HRINGBRAUT

20.00 Bærinn minn Þátturinn segir frá sjarma og sérstöðu bæjarfélaganna hringinn í kringum Ísland.
20.30 Fasteignir og heimili Upplýsandi og fróðlegur þáttur um allt sem viðkemur fasteignum og góðum húsráðum.
21.00 21 - Úrval á föstudegi Samantekt úr bestu og áhugaverðustu viðtölunum úr Tuttugu-ogeinum í liðinni viku.
21.30 Saga og samfélag Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

13.00 Spaugstofan 2004-2005
13.25 Basl er búskapur
13.55 Kastljós
14.10 Menningin
14.20 Gettu betur 2012
15.20 Í blíðu og stríðu
15.50 Hið sæta sumarlíf
16.20 Matarmenning Austurlanda nær
17.15 Ólympíukvöld
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Fótboltastrákurinn Jamie
18.29 Herra Bean
18.40 Erlen og Lúkas
18.50 Landakort
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Menningarveturinn
20.00 Klassíkin okkar Í fimmta sinn efna Sinfóníuhljómsveit Íslands og RÚV til glæsilegra tónleika í beinni útsendingu frá Hörpu - nú til þess að fagna því að 90 ár eru frá stofnun Ríkisútvarpsins og 70 ár frá fyrstu tónleikum hljómsveitarinnar. Efnisskráin spannar allt frá Jóni Múla til Igors Stravinsky og rifjaðar verða upp merkar stundir í tónlistarsögu landsmanna.
22.30 Norrænir bíódagar: Stríðið Dönsk bíómynd eftir Tobias Lindholm sem tilnefnd var til Óskarsverðlauna sem besta erlenda myndin. Liðsforinginn Claus og herdeild hans sinna gæslu í þorpi í Afganistan þar sem þeir berjast gegn Talíbönum um leið og þeir reyna að vernda almenna borgara. Á sama tíma reynir María, eiginkona Claus, að láta allt ganga upp heima fyrir með þrjú börn sem sakna föður síns. Herdeildin lendir í mikilli hættu og Claus neyðist til að taka afdrifaríka ákvörðun. Aðalhlutverk: Pilous Asbæk, Tuva Novotny og Sören Malling. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
00.20 Trúður
00.45 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 European Tour 2020
10.00 European Tour 2020
12.00 PGA Special: The Alamo 2020
13.00 European Tour 2020
16.00 AIG Women's British Open Official Film
17.00 PGA Tour 2020
22.05 European Tour 2020

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.11 The Late Late Show
13.51 The Cool Kids
14.12 90210
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 Fam
19.30 Broke
20.00 Ást
20.25 Pabbi skoðar heiminn
21.00 Nancy Drew
21.50 Charmed
22.35 Love Island
23.30 Star
00.15 The Iceman Í augum eiginkonu sinnar og barna var Richard Kuklinski venjulegur og umhyggjusamur fjölskyldufaðir. En þau vissu ekki að hann átti sér skuggalegt leyndarmál: Í nærri þrjá áratugi vann hann sem böðull fyrir Gambino-glæpafjölskylduna þar sem hann fékk nafnbótina „Ísmaðurinn" vegna þess að hann lét fórnarlömb sín í frysti til að gera rannsóknarmönnum erfiðara fyrir að komast að dánarorsök þeirra.
02.55 Billions
03.45 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Í ljósi sögunnar
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Óskastundin
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Heimskviður
15.00 Fréttir
15.03 Sögur af landi
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Glans
17.00 Fréttir
17.03 Lestarklefinn
18.00 Spegillinn
18.30 Brot úr Morgunvaktinni
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Flugur
20.00 Klassíkin okkar
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestarklefinn
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.00 3 Generations
11.30 Jane Fonda in Five Acts
13.40 Kindergarten Cop
15.30 3 Generations
17.00 Jane Fonda in Five Acts
19.10 Kindergarten Cop
21.00 Backdraft 2
22.40 Greta
00.15 Blind
01.55 Backdraft 2

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 Grey's Anatomy
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Í eldhúsi Evu
10.40 Út um víðan völl
11.15 Jamie's Quick and Easy Food
11.40 Trans börn
12.35 Nágrannar
12.55 The Upside
14.55 Teen Titans Go! To the Movies
16.15 Splitting Up Together
16.40 Ghetto betur
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Haustpartý Stöðvar 2
19.25 Tala saman Jóhann Kristófer og Lóa Björk hafa vakið athygli fyrir útvarpsþætti sína en nú er kominn tími til að færa sig yfir á sjónvarpsskjáinn. Með miklum eldmóð og metnaði einsetja þau sér að gera besta sjónvarpsþátt í heimi. Til að ná markmiðum sínum fá þau til sín ýmsa reynslubolta úr faginu til að læra af og þiggja góð ráð. Mun þeim takast ætlunarverk sitt með allan þennan lærdóm í farteskinu og viljann að vopni? Að senda út lokaþátt bestu þáttaraðar í heimi í beinni útsendingu?
19.55 Britain's Got Talent 14
20.55 Little
22.45 The Command
00.40 The Great Gatsby
02.55 Death Becomes Her

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Könnuðurinn Dóra
08.20 Mörgæsirnar frá Madagaskar
08.45 Mæja býfluga
08.55 Áfram Diego, áfram!
09.20 Svampur Sveinsson
09.40 Stóri og Litli
09.50 Strumparnir
10.15 Skoppa og Skrítla á póstkorti um Ísland
10.25 Ævintýraferðin
10.40 Billi Blikk
10.50 Könnuðurinn Dóra
11.15 Mörgæsirnar frá Madagaskar
11.35 Mæja býfluga
11.50 Áfram Diego, áfram!
12.10 Svampur Sveinsson
12.35 Stóri og Litli
18.30 The Son of Bigfoot
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 Modern Family
21.05 The Hundred
21.50 Major Crimes
22.30 Schitt's Creek
22.55 American Dad
23.15 Bob's Burgers
23.35 Friends
00.00 Friends
00.20 Modern Family

STÖÐ 2 SPORT

08.25 Valur - HK
10.10 Grótta - Fylkir
11.50 Selfoss - Valur
13.30 Pepsi Max Mörkin
14.35 FH - KR
16.20 Ísland - Svíþjóð
18.25 Fréttaþáttur Þjóðadeildar Evrópu
18.55 Community Shield 2020 - Highlights
19.30 Þýskaland - Spánn
21.10 Þjóðadeildarmörkin
21.25 Selfoss - Valur
23.10 Holland - Pólland
00.50 Þjóðadeildarmörkin

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

EXTRA ÓDÝRT

NOCCO
330 ML
257
KR/STK

ALLAR TEGUNDIR Á TILBOÐSVERÐI

EXTRA

Kemur með Costco til þín...

Barónsstíg 4, 101 Reykjavík • Mýrarvegi, 600 Akureyri
Hafnargata 51-55, 230 Reykjanesbæ

GRAFÍSK HÖNNUN

Lógó
bréfsefni
bæklingar
myndskreytingar
merkingar ofl.

XPRENT
HÖNNUN OG MERKINGAR

Sundaborg 3
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is

URRIÐAHOLT.
SKIPULAGS-
OG MATSLÝSING.

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI GARÐABÆJAR 2016-2030 OG NÝTT DEILISKIPULAG NORÐURHLUTA 4

Þann 3. september 2020 samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar skipulags- og matslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Garðabæjar í Urriðaholti og endurauglýsingar á deiliskipulagi Norðurhluta 4 í Urriðaholti.

Með vísan til 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga og 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er skipulags- og matslýsingin lögð fram til kynningar á heimasíðu Garðabæjar, www.gardabaer.is og í þjónustuveri Garðabæjar, Garðatorgi 7. Skipulags- og matslýsing fyrir deiliskipulagið er nú endurauglýst en hún var áður kynnt í janúar 2019. Við lokaafgreiðslu Skipulagsstofnunar á deiliskipulaginu, sem farið hefur í gegn um kynningarferli skv. lögum, var bent á að ekki væri ljóst hvernig áform um íbúðarbyggð við Lautargötu samræmdist aðalskipulagi Garðabæjar. Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að setja fram á skýran hátt að íbúðarbyggð er heimil á því svæði sem þarna er vísað til. Markmið deiliskipulagstillögunnar gerir ráð fyrir að á austurhluta skipulagssvæðisins verði íbúðarhverfi og útivistarsvæði með trjálundi næst Flóttamannavegi en á vesturhlutanum atvinnusvæði.

Frestur til að skila inn ábendingum rennur út **9. september 2020**. Skila skal ábendingum á bæjarskrifstofu Garðabæjar eða á netfangið skipulag@gardabaer.is.

GARÐABÆR
gardabaer.is

Von er á nýrri stuttskífu frá Svölu síðar á árinu en vinnan að henni hófst í október í fyrra. MYND/ÍRIS DÖGG

Gerir upp kvíðann í geggjuðum poppsmelli

Svala Björgvinsdóttir gefur í dag út poppsmellinn Sjálfbjarga. Eftir að hafa tekist á við kvíða áður fyrr segist hún hafa fundið björg í núvitund og því að finna kærleikann sem býr innra með okkur öllum.

Í dag kemur út lagið Sjálfbjarga með hinni ávallt vinsælu söngkonu Svölu Björgvinsdóttur. Lagið vann hún í samstarfi við tónlistarkonuna GDRN, Guðrúnu Ýri Eyfjörð, og Bjarka Ómarsson.

„Sjálfbjarga fjallar um að vera andlega sjálfbjarga. Í mínum huga þýðir það að þegar maður dílar við erfiðleika eða líður illa þá getur maður fundið stað inni í sér þar sem er innri ró og friður og kærleikur. Þetta er staður sem er inni í okkur öllum og þegar við finnum hann þá frelsar það okkur frá öllu neikvæðu," segir Svala

Æðrulaus og þakklát

Lagið hefur mikla þýðingu að sögn Svölu, sem hefur upplifað nokkurn kvíða inni á milli, allt frá því að hún var unglingur.

„Þegar það kemur slæmt kvíðatímabil í mínu lífi þá geri ég allt til að finna þennan stað innan í mér og setjast þar niður og vera æðrulaus og þakklát. Í núvitund og finna fyrir kærleikanum sem býr innan í okkur öllum. Sem betur fer koma þessi kvíðatímabil mjög sjaldan hjá mér í dag en ég þurfti mjög mikið að berjast við kvíða þegar ég var á menntaskólaaldri og þangað til ég var svona 22 ára," segir hún.

Lagið samdi Svala með GDRN og Bjarka Ómarssyni.

„Ég samdi lagið með þessu ótrúlega hæfileikaríka fólki. Geggjað samstarf og það gekk svo vel að semja saman og vinna saman. Ég er að fara gefa út meiri tónlist af þessari fimm laga EP-plötu minni og bara gera alla þá prómó-vinnu sem er í kringum þær útgáfur," segir Svala.

> **ÉG REYNI AÐ HUGSA EKKI OF MIKIÐ UM FRAMTÍÐINA EN GERI ÞAÐ AUÐVITAÐ STUNDUM. ÉG VONA BARA ÉG VERÐI JAFN HAMINGJUSÖM OG ÉG ER NÚNA.**

Persónulegri á íslensku

Svala segist hafa byrjað að vinna að plötunni í október á síðasta ári.

„Svo kláruðum við hana í mars. Þetta var erfið fæðing því ég var að semja á íslensku í fyrsta skipti á mínum langa ferli. Mér finnst að þegar maður semur á sínu móðurmáli þá verði auðvitað allt miklu persónulegra og berskjaldaðra," segir hún.

Plötuna segir hún vera svolítið eins og dagbók.

„Þarna syng ég um alls konar tilfinningar og hugrenningar sem voru í gangi síðastliðin þrjú ár. Það er mjög erfitt að halda upp á eitthvert eitt lag þegar maður á svona mikið í öllum lögunum en Sjálfbjarga er samt svolítið mikið í uppáhaldi núna. Platan er popptónlist með alls konar áhrifum frá alls konar tónlist. Erfitt að útskýra hvaða stefna platan er en hún er samt í líkingu við lagið mitt Paper og For The Night. En svo verður fólk bara að hlusta og dæma sjálft."

Hamingjusöm Svala

Svala var búsett í Los Angeles í Bandaríkjunum í ein tíu ár.

„Það var yndislegur tími en ég sakna þess samt ekki. Finnst best að búa á Íslandi og vinna hér og vera í faðmi fjölskyldu og vina," segir hún.

Tónlistin er ekki eina áhugamál Svölu.

„Ég elska að fara í fjallgöngur, fara á tónleika og að ferðast um heiminn. Svo elska ég öll dýr, að dansa, borða góðan mat með góðu fólki, djúpar og langar samræður um lífið, lesa vísindaskáldsögur, horfa á góðar bíómyndir og vera með fjölskyldu og vinum," segir Svala.

Hún segist reyna eftir fremsta megni að vera alltaf í núinu.

„Ég reyni að hugsa ekki of mikið um framtíðina en geri það auðvitað stundum. Ég vona bara ég verði jafn hamingjusöm og ég er núna, heilbrigð og að skapa tónlist og lifa góðu lífi umkringd fjölskyldu og vinum og gæludýrunum okkar."

Lagið Sjálfbjarga er hægt að nálgast á öllum helstu streymisveitum.

steingerdur@frettabladid.is

ILVA

Sparaðu

20-50%

AF BORÐSTOFU-HÚSGÖGNUM

LÝKUR MÁNUDAGINN 7. SEPTEMBER

Sparaðu

20-25%

AF BORÐBÚNAÐI

NÚ 199.900
SPARAÐU 50.000

NORDIC SM11 BORÐSTOFUBORÐ
Melamín borðplata. Svartir viðarfætur. L 183/275 x B 100 cm. 249.900 kr. **NÚ 199.900 kr.**

SINGLE BORÐSTOFUBORÐ
Hvít melamín borðplata með svörtum kanti og svörtum fótum eða með eikarkanti og hvítolíubornum eikarfótum. Fætur úr svartbæsaðri eik. 80x120/217 cm. 64.900 kr. **NÚ 51.900 kr.**

NÚ 27.900
SPARAÐU 7.000

DOLPHIN BARSTÓLL
Brúnt PU (gervileður), svartir fætur. Sætishæð 76 cm. 45x45107 cm. Áður 34.900 kr. **NÚ 27.900 kr.**

NÚ 71.900
SPARAÐU 18.000

FAME BEKKUR Svart PU (gervileður), svartir fætur. 153x61x85 cm. 89.900 kr. **NÚ 71.900 kr.**

NÚ 89.900
SPARAÐU 40.000

ZAMORA SKENKUR Svartur málmur og gler. L 167 x D37 x H80 cm. 129.900 kr. **Nú 89.900 kr.**

ARIANA BORÐSTOFUSTÓLL Grátt flauelsáklæði. Svartir fætur. 14.900 kr. **NÚ 11.900 kr.**

36%

CAROLINA BORÐSTOFUSTÓLL Svart PU (gervileður), svartir fætur. 16.900 kr. **NÚ 10.900 kr.**

DIMA BORÐSTOFUSTÓLL Bleikt eða grátt flauelsáklæði, svartir fætur. 16.900 kr. **NÚ 12.900 kr.**

30%

MARCO BORÐSTOFUSTÓLL Brúnt PU (gervileður), svartir fætur. 39.900 kr. **NÚ 27.900 kr.**

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - sunnudaga 12-18

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM .COM/ILVAISLAND

Frumsýna verk samið fyrir plöntur

Um helgina fer fram listahátíðin Plöntutíð en á henni verða ýmis verk sýnd sem eiga það sameiginlegt að tengjast plöntum á einhvern hátt. Listrænn stjórnandi hátíðarinnar er sviðslistahöfundurinn **Andrea Vilhjálmsdóttir**.

Andrea Elín Vilhjálmsdóttir, Kara Hergils, Gunnur Martinsdóttir Schlüter og Ragnheiður Erla Björnsdóttir standa að baki verkinu Brum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Um helgina fer fram listahátíðin Plöntutíð, en listrænn stjórnandi hennar er sviðslistahöfundurinn Andrea Vilhjálmsdóttir.

„Ég vaknaði einn morgun í lok júlí uppi í sumarbústað í Borgarfirðinum með setninguna „Ég verð að gera þetta“ ómandi í hausnum á mér. Síðan fór ég á fætur og byrjaði nánast samstundis að skipuleggja Plöntutíð,“ segir Andrea

Hún vissi þá um nokkur sviðslistaverk sem voru í bígerð og fjalla um plöntur.

„Mig langaði að leiða þau saman. Gefa listamönnunum vettvang til að skapa saman fallega hátíð sem gerir tilraun til að fara handan við mannmiðjun. Verkið Plantasía er til dæmis gert fyrir stofuplöntur sem fólk getur keypt miða á fyrir og komið með plönturnar sínar. Plantan fer inn í verkið sem er gert sérstaklega til að höfða til þess sem plöntum líkar vel við,“ segir hún.

Högg fyrir senuna

Listamennirnir sem taka þátt eru að vinna með óhefðbundnar staðsetningar sem gerir hátíðina mjög sjálfbæra og kostnaðarminni í framleiðslu.

„Það hefur verið mikið högg fyrir sviðslistasenuna að ganga í gegnum COVID með tilheyrandi samkomubanni. Sviðslistafólk er að reyna að halda uppi einhvers konar sviðslistamenningu með þeim tólum sem eru í boði. Heppilega eru sviðslistir, sem standa utan stóru sviðanna sem reiða sig á stóra áhorfendahópa, að einhverju leyti í góðri stöðu til að aðlaga sig að breyttum aðstæðum,“ segir Andrea.

Plöntutíð er lítil hátíð sem samanstendur af fimm verkum og aðeins er pláss fyrir fáa í einu svo auðvelt er að halda tveggja metra fjarlægð.

„Í Brum er líka ágætis hreyfing og útivist og það er tilvalið fyrir fjölskylduna að koma saman. Það mega bara þrír fullorðnir fara í gegnum verkið í einu og þeir verða að þekkjast vel og börn í fylgd með fullorðnum fá frítt inn.“

Einföld stefnulýsing

Öll verkin á Plöntutíð eru unnin með svokallaðri „devised“-aðferð eða samsetningaraðferðum, sem leggja áherslu á frumsköpun þar sem listræn rannsókn leiðir ferlið áfram.

„Mér finnst „devised“-aðferðin alltaf skemmtilegri því hún birtir manni alltaf eitthvað óvænt og efnið sprettur oft fram á óútreiknanlegan hátt. Sjálf hef ég lagt það í vana minn að hafa mjög einfalda stefnulýsingu í listsköpun minni. Markmiðið er alltaf að svara aðeins til jarðarinnar líkt og hún væri yfirmaðurinn minn. Plöntutíð er ein leið til þess,“ segir hún

Andrea segir það algjörlega magnað að finna fyrir áhuga og elju þeirra sem ákváðu að vera með í að skapa þessa hátíð.

„Ég var mjög heppin að fá Dóru Haraldsdóttur vinkonu mína til að gera grafíkina fyrir kynningarefnið, sem mér finnst fanga anda hátíðarinnar mjög vel. Ég gat ekki boðið listamönnunum sem taka þátt neitt nema mögulegar miðasölutekjur og það er mikil áhætta fólgin í því, eins og að planta fræi í fyrsta skipti í jarðveg sem þú hefur enga þekkingu á. Þú veist ekki hver uppskeran verður og getur bara vonað að tíðin verði góð.“

Miða á Plöntutíð er hægt að nálgast á tix.is.

steingerdur@frettabladid.is

Dagskrá

4. september
Upphaf – Grótta
21.30 Eldræða
22.00 Háfjörudanspartý

5. september
11.00
Plantan ómar – Neskirkja
Mannyrkjustöðin

12.30–16.30
Moss and me – Ástarsaga
Kirkjubraut 9
Höfundur:
Vala Höskuldsdóttir

14.00–14.30
Plantasía – Gróðurhús Norræna hússins
Höfundar: Lóa Björk Björnsdóttir, Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir og Eygló Hilmarsdóttir

12.00–20.00
Brum – Heiðmörk
Höfundar: Andrea Elín Vilhjálmsdóttir, Gunnur Martinsdóttir Schlüter, Harpa Arnardóttir, Kara Hergils og Ragnheiður Erla Björnsdóttir

6. september
12.30–16.30
Moss and me – Ástarsaga
Kirkjubraut 9
Höfundur:
Vala Höskuldsdóttir

14.00–14.30
Plantasía – Gróðurhús Norræna hússins
Höfundar: Lóa Björk Björnsdóttir, Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir og Eygló Hilmarsdóttir

12.00–20.00
Brum – Heiðmörk
Höfundar: Andrea Elín Vilhjálmsdóttir, Gunnur Martinsdóttir Schlüter, Harpa Arnardóttir, Kara Hergils og Ragnheiður Erla Björnsdóttir

18.00
Fjórar kynslóðir – Streymi
Höfundur:
Kolfinna Nikulásdóttir

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

Framúrskarandi fyrirtæki

PFAFF

Aura veggljós
Verð áður 28.500 kr.
Tilboð: 22.800 kr.

LJÓSA DAGAR

20-50% VERÐLÆKKUN

Verð áður 28.900 kr.
Tilboð: 19.000 kr.

Verð áður 59.900 kr.
Tilboð: 44.000 kr.

Verð áður 59.900 kr.
Tilboð: 30.000 kr.

Verð áður 59.900 kr.
Tilboð: 44.000 kr.

Verð áður 47.900 kr.
Tilboð: 35.000 kr.

Verð áður 75.900 kr.
Tilboð: 49.000 kr.

Verð áður 22.500 kr.
Tilboð: 15.000 kr.

Verð áður 59.900 kr.
Tilboð: 42.900 kr.

Verð áður 79.900 kr.
Tilboð: 59.900 kr.

Verð áður 75.900 kr.
Tilboð: 56.900 kr.

Verð áður 8.990 kr.
Tilboð: 6.500 kr.

Verð áður 13.900 kr.
Tilboð: 10.900 kr.

PFAFF • Grensásvegi 13 • 108 Reykjavík • Sími: 414 0400 • www.pfaff.is • OPIÐ virka daga 10 –18 og LAU 11–15.

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

TVÖFALT GLER VIÐHAFNARÚTGÁFA

Minningarskrá vegna endurútgáfu á *Tvöfalt gler* eftir **Halldóru Thoroddsen** (1950–2020). **Skráning áskrifta:**

www.facebook.com/bokakaffid og í síma **868 5196**

BAKÞANKAR

Jóhönnu Vigdísar Guðmundsdóttur

Ókunningjar og skriðdrekar

Þegar maðurinn minn byrjaði að læra íslensku tók hann miklu ástfóstri við nokkur orð, þeirra á meðal „skriðdreka“. Fegurðin í skríðandi dreka er enda miklu meiri en í heldur rislítilli enskri útgáfu fyrir sama fyrirbærið. Uppáhalds orðið mitt er og verður „hugmynd“.

Eliza Reid forsetafrú sagði nýlega frá ýmsum nýyrðum sem hún smíðaði á fyrstu árum íslenskunámsins. Þannig notaði hún „ókunningi“ yfir þá sem voru henni ókunnugir og „jæjabara“ því henni þótti fólk endurtaka sig svolítið. Enda er smíði nýrra íslenskra orða einn helsti styrkur íslenskunnar. Ég er þakklát öllum þeim sem leggja það á sig að læra íslensku. Það er þeirra vegna sem tungumálið okkar mun lifa áfram.

Við sem kunnum þegar íslensku getum líka lagt okkar af mörkum, til dæmis með því að taka tillit til þess hvar í lærdómskúrfunni íslenskunemarnir eru staddir. Það er óþarfi að ávarpa alla á ensku sem eru með útlensk nöfn eða líta örlítið öðruvísi út en við. Það er heldur ekki okkar hlutverk að ýta fólki, sem er nýbyrjað að læra tungumálið, út úr samræðum með því að tala bara íslensku. Ef þú ert í vafa er einfaldlega best að spyrja viðkomandi hvort hann/hún vilji tala íslensku eða ensku.

Vald á tungumálinu veitir aðgang að samfélaginu og tækifærum. Hvort sem um er að ræða Íslendinga eða fólk af erlendum uppruna þá hefur sá sem hefur vald á tungumálinu líka samfélagslegt vald. Við skulum hafa opinn huga, vera hjálpsöm og muna að íslenska er alls konar.

Fyrir svanga ferðalanga

Kvikk ON THE GO | ORKAN

NÓA TRÍTLAR VEGAN - 150 G
249 KR/STK
1660 KR/KG

Kvikk ON THE GO | ORKAN



Bókin **Þess vegna sofum við**, eftir dr. Matthew Walker, hefur slegið í gegn um heim allan. Bókin opnar augu almennings fyrir mikilvægi svefns í tengslum við heilsu, vellíðan og árangur.

Matthew Walker er prófessor við Harvard háskóla og sérfræðingur í svefni, sálfræði og taugalífeðlisfræði. Hann er virtur vísindamaður á þessu sviði og hefur birt fjölmargar ritrýndar vísindagreinar.

Þú færð bókina hjá Betra Baki, heimsending innifalin.

Fullt verð: 3.990 kr.

Betra Bak verð: 3.490 kr.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477

DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100

SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 11–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is

Betra BAK